

Alþingi  
Erindi nr. P 137/736  
komudagur 24.8.2009



Akureyrarbær  
Bæjarstjóri

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 20. ágúst 2009  
2009080009 / 01-106-05

**Efni: Umsögn Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál.**

Bæjarráð hefir á fundi sínum 20. ágúst 2009 gert eftirfarandi bókun:

"Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál  
2009080009

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá bæjarráðs 13. ágúst sl. en þá fól bæjarráð bæjarstjóra og bæjarlögmanni að vinna drög að umsögn Akureyrarbæjar í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir næsta fund ráðsins. Einnig óskaði bæjarráð eftir umsögn kjörstjórnar Akureyrar um frumvarpið.

Lögð fram drög að umsögn.

*Bæjarráð samþykkir umsögnina og felur bæjarstjóra að ganga frá drögunum og senda til nefndasviðs Alþingis."*

Meðfylgjandi er umsögn Akureyrarbæjar.

Virðingarfyllst  
f. Akureyrarbæjar  
  
Hermann Jón Tómasson  
AKUREYRI



Umsögn bæjarráðs Akureyrar um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna  
Málsnúmer: 2009080009  
Búið til: 20.08.2009  
Eigandi skjals: Hermann Jón Tómasson

**Minnisblað**

Efni: Umsögn bæjarráðs Akureyrar um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna  
Dags: 20.08.2009  
Fyrirtæki: Alþingi  
Nafn: Elín Valdís Þorsteinsdóttir

Útgáfustjórnun:

Bréfalyklar:

Tilkynningar:

01-106-05 Lagafrumvörp, reglugerðir og þingsályktanir.

## Umsögn bæjarráðs Akureyrar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna

### A. Inngangur

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar fjallaði um frumvarpið á fundum sínum 13. og 20. ágúst 2009. Auk þess óskaði ráðið eftir afstöðu kjörstjórnar bæjarins til frumvarpsins og eru þær ábendingar sem þaðan komu fléttaðar inn í umsögn þessa.

Bæjarráð er sammála því meginmarkmiði frumvarpsins að efla lýðræði og auka áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar fá umboð þeirra til setu í sveitarstjórnnum. Í umfjöllun ráðsins komu þó fram eftirfarandi ábendingar og athugasemdir sem ráðið vill koma á framfæri.

### B. Helstu athugasemdir við frumvarpið

#### 1. Stuttur tími til næstu kosninga

Þar sem sveitarstjórnarkosningar eru næsta vor er það skoðun bæjarráðs að vera kann að of stuttur tími sé til stefnu að innleiða persónukjör til sveitarstjórnarkosninga árið 2010, enda þarf persónukjör öfluga kynningu meðal kjósenda. Verði persónukjóri beitt við næstu sveitarstjórnar-kosningar þarf að liggja fyrir hver sjái um kynninguna og á hvers kostnað hún fari fram.

#### 2. Forgangsröðunarleið

Forgangsröðunarleiðin sem valin er í frumvarpinu er ein af mörgum þekktum leiðum sem farnar hafa verið í vestrænum lýðræðisríkjum. Bæjarráð veltir fyrir sér hvort gefinn hafi verið nægur tími til að kanna aðrar leiðir til þrautar og hvort taka ætti lengri tíma til að fara yfir aðra möguleika.

#### 3. Á að veita meira frelsi í sveitarstjórnarkosningum en í alþingiskosningum?

Bæjarráð telur að vilji almennings til að velja fulltrúa í sveitarstjórn geti verið ríkari en í alþingiskosningum, þ.m.t. að velja einstaklinga þvert á flokka, þó merkt sé við einn lista sem fær þá atkvæði kjóсандans. Þeirri spurningu var því varpað upp hvort persónulegt val eigi að

vera ríkara í sveitarstjórnarkosningum en í alþingiskosningum, þar sem nándin er meiri og úrlausnarefni oft á tíðum ekki eins pólitísk og í landsmálunum.

#### 4. *Jafnrétti karla og kvenna í efstu sætum lista*

Bæjarstjórn bendir á að þó að listar tefli fram jafn mörgum körlum og konum í framboði á þann hluta listans sem er til forgangsröðunar, þá getur val kjósenda leitt til þess að annað kynið fari halloka þegar sætum er úthlutað á lista. Þannig getur dreifing kynjanna orðið með þeim hætti að annað kynið sitji í öruggum sætum á meðan hitt kynið vermir sæti varamanna eða nær ekki kjöri. Sá möguleiki er því fyrir hendi að sá árangur sem náðst hefur í að jafna hlut kynjanna í kosningum fari forgörðum.

### C. **Atriði sem varða framkvæmd kosninga og talningu, sem ekki er tekið á í frumvarpinu**

#### 1. *Utankjörfundaratkvæðagreiðsla*

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á VIII. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna, en skv. 43. gr. er kjósenda heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags. Fulltrúar ÖSE sem voru viðstaddir síðustu alþingiskosningar töldu utankjörfundaratkvæða-greiðsluna bæði flókna og of viðamikla.

Þar sem atkvæðagreiðsla utankjörfundar hefst svo löngu fyrir kjördag er hætta á að framboðslistar séu ekki komnir fram, þ.m.t. persónukjörshluti listanna. Hingað til hafa þeir sem kjósa ekki á kjördag getað nýtt sér útstrikanir og breytingar, en þau úrræði eru felld niður í frumvarpinu. Forgangsröðun á lista verður að teljast mun flóknari framkvæmd við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, enda liggur ekki fyrir við upphaf atkvæðagreiðslunnar hverjir verða á hinum raðaða hluta framboðslistans. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á atkvæðagreiðslu utan kjörfunda í frumvarpinu, en ljóst er að fyrirkomulagið er dragbítur á kosningaframkvæmd og talningu.

Hugsanlega má fækka atkvæðum sem greidd eru utan kjörfundar með því að stytta þann tíma sem hægt er að kjósa utan hins almenna kjördags eða hafa utankjörfundaratkvæðagreiðslu rafræna.

#### 2. *Skipulagning á kjörstöðum og í kjörfundarstofum*

Forgangsröðun á lista getur tekið langan tíma fyrir kjósenda í kjörklefa og því er hætt við að raðir myndist við kjördeildir (kjörfundarstofur) og öngþveiti verði á kjörstað. Hugsanlega þarf að bregðast við því með að gera breytingar á IX. gr. kosningalaganna. Á Akureyri þyrfti t.a.m. að fjölga í undirkjörstjórnnum úr þremur í fjórar og fjölga að sama skapi kjörklefum í hverri kjördeild um einn, þ.e. úr tveimur í þrjá, eða gera jafnvel enn stórtækari breytingar. Þær breytingar rúmast reyndar innan kafla laganna, en ábendingu er komið á framfæri að huga þarf að framkvæmd kosninga jafnt sem þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

#### 3. *Uppgjörstalningarforrit fyrir kjörstjórnir*

Ljóst er að uppgjörsaðferð vegna persónukjörs verður mjög flókin fyrir kjörstjórnir sem getur orðið til þess að talning dragist úr hófi. Bæjarráð bendir á að því sé nauðsynlegt að dómsmálaráðuneytið hlutist til um það með góðum fyrirvara að útbúa öflugt talningarforrit fyrir kjörstjórnir.



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/755*  
*komudagur 3.9.2009*

*Alþingi*

*Austurstræti 6-8*  
*150 Reykjavík*

Reykholti, 2. september 2009  
0908042 SHJ

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna,**

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 25. ágúst 2009 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna.**

Byggðaráð Bláskógabyggðar tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Þessi bókun byggðaráðs var síðan staðfest í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 1. sept 2009.

Virðingarfyllst

Valtýr Valtýsson  
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Alþingi  
Erindi nr. P 137/806  
komudagur 29.9.2009

**Umsögn til allsherjarnefndar varðandi frumvörp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og sveitastjórna, nr. 24/2000 og 5/1998, með síðari breytingum.**

149. mál

Við í Borgarahreyfingunni lítum á umrædd frumvörp sem skref í rétta átt en viljum gera nokkrar athugasemdir og óskum einnig eftir að senda fulltrúa okkar fyrir allsherjarnefnd ef þess gefst kostur. Að okkar áliti er það röng skilgreining að frumvarpið feli í sér að hér verði komið á persónukjöri vegna þess að áfram verður um listakosningu að ræða. Hæstvirtur dómsmálaráðherra talaði um þetta sem “persónukjörkerfi” í ræðu sinni 24. júlí sl. en sagði þó beinum orðum þegar hún lagði frumvarpið fram:

*“Ég legg áherslu á að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er ekki með neinum hætti hróflað við listakosningu og hlutfallskosningakerfinu hér á landi. Kjósendur munu eftir sem áður kjósa tiltekinn lista og telst atkvæðið listanum til tekna óskipt við úthlutun sæta til listans í réttu hlutfalli við úrslit kosninganna.”*

Að okkar mati á að kalla hlutina sínum réttu nöfnum og þess vegna á “persónukjör” ekki við um listakosningu, jafnvel þó að kjósendum gefist færi á að raða upp nöfnum innan ákveðins lista. Erfiðara verður síðar að ná fram frekari breytingum í átt að raunverulegu persónukjöri ef kjósendur hafa vanist við brenglaðan skilning á orðinu “persónukjör”.

Framlögð frumvörp ganga of skammt í átt til persónukjörs að okkar mati því að of mikið tillit virðist tekið til hagsmuna stjórnmalaflokkanna. Háttvirtir alþingismenn þurfa að hafa í huga að **fulltrúalýðræðið** og umgjörð þess er til fyrir fólkið í landinu en ekki fyrir stjórnmalastéttina.

Helstu meinbugir frumvarpsins eru þeir að persónukjör fer eingöngu fram innan girðinga flokkslista, kjósendur fá ekki að velja sér fulltrúa nema af einum lista. Ekki verður annað séð en þetta sé þannig hugsað, fyrst og fremst með hagsmuni stjórnmalaflokka að leiðarljósi. Eins og fram kemur í greinargerð eru fyrirmyndir að frjálsari aðferðum t.a.m. á Írlandi þar sem kjósendur velja sér fleiri en einn fulltrúa með forgangsröðun af sama kjörseðlinum algjörlega óháð flokkslistum. Á Írlandi eru ekki einu sinni boðnir fram flokkslistar, frambjóðendur eru allir á sama listanum á kjörseðli en er gert að kenna sig við stjórnmalaflokk ef svo til hagar. Fram kemur einnig í greinargerð að þetta kerfi hefur tvisvar sinnum verið varið falli í þjóðaratkvæðagreiðslu, þannig að írskir kjósendur láta sér það vel líka.

Til að ganga ekki alveg í berhögg við þær hefðir sem hér ríkja um kosningar má hugsa sér tempraða íslenska útgáfu af írskra kerfinu. Á kjörseðli eru boðnir fram listar merktir stjórnmalaflokkum en kjósandinn getur valið frambjóðendur með forgangsröðun af hvaða lista sem er. Að öðru leyti sé öll lógik sú sama og fram kemur í frumvörpunum, nema að jöfnunarsætum er ekki úthlutað, enda ekki verið að kjósa lista heldur fólk. Þegar upp er staðið hafa x margir þingmenn verið kosnir af A-lista, y margir af B-lista, z margir óháðir þingmenn o.s.frv.

Ofangreint kerfi getur komið til móts við kjósendur sem hafa flokkshollustu í fyrirrúmi sem og hina sem kæra sig kollótta um flokka. Kjósandi af fyrri gerðinni getur þess vegna merkt við

listabókstafinn einan og leggur þá röðun frambjóðenda í hendur annarra sem hafa skoðun á því hvernig frambjóðendum listans skal raðað. Þeir kjósendur hafa merkt við listabókstafinn og einvörðungu valið frambjóðendur af þeim lista. Kjósandi af seinni gerðinni sem vill ekkert af flokkum vita velur sér fulltrúa í forgangsröð af hvaða lista sem er og merkir ekki við neinn listabókstaf.

Loks eru margir kjósendur, (kannski flestir) sem myndu leggja áherslu á einhvern einn flokk með því að velja flesta fulltrúa þaðan en velja einn eða tvo af öðrum listum. Sá kjósandi merkir ekki við listabókstaf.

Að ofansögðu er rétt að taka fram að hugsunin að baki frumvörpunum eins og þau liggja fyrir er góð fyrir sinn hatt. Að taka forgangsröðun fram yfir prófkjörsuppgjör er framför og af þeim dæmum sem tekin eru í greinargerðinni virðist sú uppgjörsaðferð ná að fanga vilja kjósendanna mun betur og kemur í veg fyrir ofríki meirihlutans. Þá er fagnaðarefni hversu frávik á kjörseðli eru túlkuð kjóсандanum í hag, þannig að mikið þarf til að gera atkvæði ógilt.

Auk þessa hvetjum til þess að reynt verði að hafa hlut kynjanna sem jafnastan með því að gera stjórnmalaflokkum skylt að leggja fram framboðslista með jafn marga frambjóðendur af báðum kynum eða þar sem næst.

Eitt tæknilegt atriði óskum við einnig eftir að skoðað verði vandlega svo að ekki komi til ágreinings um vægi atkvæða. Það snýst um það hvernig lesið er í vilja kjósenda í ákveðnu tilfelli sem fjallað er um neðst á bls. 7 í frumvarpinu:

*“Fái vinsæll frambjóðandi fleiri atkvæði en hann þarf til að ná kjöri er horft til þess hvaða aðra frambjóðendur kjósendur hans vildu styðja. Kúfurinn, umframmatkvæðin, eru þá færð til þessara hinna í réttum hlutföllum.”*


Yrði hugsanlega ágreiningsefni um það hvaða einstök atkvæði koma til skoðunar?

Að lokum þetta: Á Íslandi hefur orðið alvarlegur trúnaðarrestur milli fólksins í landinu og ýmissa stofnana samfélagsins. Mikilvægar stofnanir njóta ekki lengur trausts og starfandi stjórnmalaflokkar eru þar ekki undanþegni. Þeir eru margir hverjir sannast sagna, þeir aðilar sem almenningur kennir einna helst um hvernig komið er fyrir íslensku samfélagi. Sú hugsun að fulltrúalýðræðinu sé best fyrir komið í hefðbundnum stjórnmalaflokkum hefur beðið alvarlegan hnekki á Íslandi síðustu misserin. Í því ljósi þarf í nýjum kosningalögum, fyrir fámenna þjóð sem leitar leiða út úr fjárhags- og siðferðiskreppu, að gefa kjósendum fullt frelsi til að velja sér fulltrúa **eftir því hvaða einstaklingum þeir treysta.**

Reykjavík 28. september 2009.

F.h. Borgarahreyfingarinnar,  
Pósthólf 246, 121 Rvk.

Sigurður Hr. Sigurðsson.  
[hrellir@gmail.com](mailto:hrellir@gmail.com), sími 8218272.





## Allsherjarnefnd Alþingis

Dalvík 27. ágúst 2009

**Efni:** Umsögn bæjarráðs Dalvíkurbyggðar um 149. mál, persónukjör.

Bæjarráð Dalvíkurbyggðar fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 20. ágúst 2009. Í umræðunni komu fram ýmsar vangaveltur og athugasemdir sem hér með er komið á framfæri.

### 1. Erfiðara að fá fólk í framboð

Í sveitarfélögum á stærð við Dalvíkurbyggð reynist oft erfitt að fá fólk í framboð. Einatt er það svo að störf að sveitarstjórnarmálum eru hvorki vel þokkuð né vel launuð og því sjaldnast eftirsótt. Á fundinum komu fram áhyggjur af því að það mundi a.m.k. ekki auðvelda það að fá fólk í framboð þegar ekki væri einu sinni hægt að fastsetja sæti á lista.

### 2. Stutt í næstu kosningar

Nokkuð ljóst virðist að þessu máli verður ekki lokið á sumarþingi. Því má álykta að það verði ekki orðið að lögum fyrr en um næstu áramót. Sá tími sem þá er til stefnu til kosninga er ekki langur og hætt við að tími verði ekki nægur til undirbúnings kosninganna; hvað þá til kynninga á nýju fyrir komulagi fyrir kjósendum. Einnig má vænta þess að frambjóðendur þurfi lengri tíma en ella fyrir kynningu.

### 3. Óljóst um forystu

Fram komu áhyggjur af því að óljóst yrði um forystu fyrir framboðum. Hver verður talsmaður? Hver leiðir vinnuna fyrir kosningar? Í minni sveitarfélögum er sú vinna jafnan sjálfböðavinna og drifin áfram af þeim sem hafa tekið að sér forystu.

Er persónukjorið aðeins til að tryggja að tilteknir einstaklingar eigi meiri möguleika á því að ná kjöri í sveitarstjórn eða hvernig er hægt að tryggja það að sá sem valinn verður í fyrsta sæti verði síðan forystumaður framboðs í sveitarstjórn?

4. Varamenn í sveitarstjórn

Fram komu spurningar um það hvort ekki þyrfti að tryggja að a.m.k. jafnmörgum varamönnum yrði stillt upp á lista og þeim sem stillt er upp í sæti aðalmanna.

5. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla


Atkvæðagreiðsla utankjörfundar hefst svo löngu fyrir kjördag er hætt er við að framboðslistar séu ekki komnir fram, þ.m.t. persónukjörshluti listanna. Leita þarf leiða til að mæta slíku. Hér mætti t.d. leita rafrænna lausna sem tryggðu það að fjarstaddir gætu neytt atkvæðisréttar síns til jafns við þá sem heima eru.

6. Skipulag og kostnaður

Bregðast þarf við því að kosning með persónukjöri muni taka mun lengri tíma en tíðkast hefur. Því mun þurfa fleira fólk við vinnu á kjörstað og væntanlega mun þurfa að fjölga kjördeildum á stærri stöðum. Einnig mun þurfa fleira fólk við talningu og hún taka lengri tíma. Þá þarf að leita leiða til að gera uppgjör vegna persónukjörs einfalt. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér meiri kostnað fyrir seitarstjórnir þó lítið sé gert úr því atriði í umsögn fjármálaráðuneytis.

Ekki má taka það sem svo að bæjarfulltrúar sé á móti auknu persónuvali við kosningar, en þetta voru helstu áhyggjuefni bæjarráðs Dalvíkurbyggðar vegna boðaðra breytinga.

Bestu kvæðingastjórn  
Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð





Akureyri 3. september 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis **frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna**, 149. mál, persónukjör.


Stjórnin samþykkti eftirfarandi:


Stjórn Eyþings er sammála því meginmarkmið frumvarpsins að efla lýðræði og auka áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar taka sæti í sveitarstjórn. Stjórnin gerir ekki athugasemd við þá aðferð persónukjörs sem felst í frumvarpinu, þ.e. persónukjör innan lista með forgangsröðunaraðferð, en vill koma eftirfarandi ábendingum og hugleiðingum á framfæri:

1. Stjórnin telur ótímabært að ákvæði frumvarpsins komi til framkvæmda í næstu sveitarstjórnarkosningum. Ástæða er til að óttast að of stuttur tími sé til næstu kosninga til að innleiða þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að tími verði til vandaðrar kynningar. Þá er einnig nauðsynlegt að til staðar verði öruggur hugbúnaður til talningar atkvæða samkvæmt nýjum aðferðum.
2. Skýra þarf betur framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Er gert ráð fyrir að þá sé einungis kosinn listi eða gert ráð fyrir að kjósandinn geti raðað á lista? Mikilvægt er að framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu sé einföld, m.a. telur stjórnin koma til álita að stytta þann tíma sem hægt er að kjósa utankjörfundar.
3. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir óhlutbundnum kosningum í frumvarpinu. Huga þarf sérstaklega að og ræða aðstæður í fámennari sveitarfélögum þar sem óhlutbundnar kosningar eru algengar. Er ætlunin að hafa það fyrirkomulag með öllu óbreytt eða kemur til greina að lagður verði fram nafnalisti þeirra sem lýsa sig tilbúna til setu í sveitarstjórn? Kjósendur mundu þá raða á þeim lista án þess að um formlegan framboðslista sé að ræða.
4. Komi aðeins fram einn listi sem þar af leiðandi verður sjálfkjörinn, gefst kjósendum þá kostur á að raða frambjóðendum á þeim lista?

5. Mikilvægt er að hafa í huga þær aðstæður sem koma upp í kjölfar sameiningar sveitarfélaga. Tíðkast hefur að stilla upp á lista í kjölfar sameiningar með þeim hætti að dreifing frambjóðenda úr hinum gömlu sveitarfélögum sé tryggð.
6. Verða kosningabandalög, s.s. R-listinn í Reykjavík, út úr myndinni verði frumvarpið samþykkt, eða er mögulegt að beita persónukjörsaðferðinni við þær aðstæður?

f.h. stjórnar Eypings

  
Pétur Þór Jónsson  
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 16. september 2009  
nr. erindis 0908040 ÓÞÓ

Á 41. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar, þann 15. september 2009, var tekin fyrir afgreiðsla 139. fundar bæjarráðs um neðangreint erindi.

**Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.**

Ályktað var :

„Bæjarstjórn Fjallabyggðar telur ekki rétt að taka upp persónukjör til sveitarstjórna við næstu kosningar“.


Ofangreind afgreiðsla bæjarstjórnar Fjallabyggðar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarstjórnar Fjallabyggðar

Ólafur Þór Ólafsson  
Skrifstofu- og fjármálastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/733*  
*komudagur 24.8.2009*

**Fjallabyggð**



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík

Fjallabyggð, 19. ágúst 2009  
nr. erindis 0908040 HJ

Á 139. fundi bæjarráðs Fjallabyggðar þann 19. ágúst 2009 var tekið fyrir neðangreint erindi.

**Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.**

Eftirfarandi var bókað:

Fyrir liggur til umsagnar frá Allsherjarnefnd Alþingis, frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör. Þingskjalid er að finna á slóðinni:

<http://www.althingi.is/altext/137/s/0252.html>.

Óskar nefndin þess að svar berist eigi síðar en 25. ágúst 2009.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir fresti til að skila inn umsögn. Jafnframt óskar bæjarráð eftir umsögn yfirkjörstjórnar.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar

Fjallabyggð



Ólafur Þór Ólafsson  
skrifstofu- og fjármálastjóri



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Elíнар Valdísar Þorsteinsd.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi 1P/37/79575*  
*komudagur 21.7.2009*

Fljótsdalshéraði, 17. september 2009  
nr. erindis 200908007 SSB

Á 103. fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs 16. Sept.. 2009 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

## Frumvarp til laga um kosningar til sveitastjórna, persónukjör

Eftirfarandi fært til bókar:

Bæjarstjórn getur ekki samþykkt tillögur að breytingum á lögum um kosningar til sveitarstjórna á þessu stigi og telur málið koma of seint fram og ekki nægilega vel ígrundað.

Samþykkt samhljóða.

Ofangreind afgreiðsla bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs

Stefán Bragason  
skrifstofustjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 137/74  
komudagur 26.8.2009



FLÓAHREPPUR

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Pingborg 25. ágúst 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga**

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 17. ágúst s.l. var tekin fyrir beiðni frá Allsherjarnefnd Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um kosningar til sveitarstjórna.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp að svo stöddu.

Virðingarfyllt,  
f.h. sveitarstjórnar,

  
Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri



GRÍMSNES- OG  
GRAFNINGSHREPPUR

Alþingi  
Erindi nr. P 137/731  
komudagur 21.8.2009

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borg 21.08.2009

**Efni: Beiðni Allsherjanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. ágúst s.l. var tekið fyrir ofangreint mál sbr. bréf yðar dags. 04.08.2009.

Eftirfarandi bókun var gerð:

**5. Beiðni Allsherjanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.**

*Lögð er fram beiðni Allsherjanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna er varðar persónukjör. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

**SVEITARSTJÓRI**  
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri



Grundarfirði, 19. ágúst 2009.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/734*  
*komudagur 24.8.2009*

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna með síðari breytingum, 149. mál, persónukjör, sbr. efni bréfs dagsett 4. ágúst 2009.

Framangreint erindi og frumvarp var tekið til umfjöllunar á fundi bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar þ. 18. ágúst 2009. Eftirfarandi var bókað í fundargerð sem umsögn bæjarráðsins:

„Bæjarráð Grundarfjarðar telur að sú kosningaaðferð sem frumvarpið gengur út á nái ekki þeim tilgangi að um raunverulegt persónukjör sé að ræða þar sem ennþá verður skylt að bjóða fram lista. Bæjarráð telur að útfærsla frumvarpsins á kosningafyrirkomulaginu feli í sér þá hættu að kosningabaráttan verði óskýr gagnvart kjósendum og snúist meira um persónulegan framgang einstaklinga en stefnumál framboðanna.“

Framangreindri umsögn er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

  
Bæjarstjórinn  
Grundarfirði  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri

Afrit: Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Hveragerði 24. ágúst 2009

Varðar: Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör.

Allir bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar standa að eftirfarandi athugasemdum við frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör, sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Tillögur um persónukjör falla vel að hugmyndum um aukið lýðræði í sveitarfélögum, aukið vægi og val kjósenda. Með frumvarpinu er fallið frá víðteknum venjum um uppstillingu á lista og ný hugsun innleidd við kjör fulltrúa. Bæjarfulltrúar Hveragerðisbæjar fagna öllum hugmyndum í átt til aukins lýðræðis sem til bóta mega teljast enda er slík framþróun í samræmi við stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Að afloknum lestri frumvarpsins eru okkur þó eftirfarandi vangaveltur ofarlega í huga:

- Það er skoðun okkar að ábati að nýju kerfi reynist meiri í alþingiskosningum en sveitarstjórnarkosningum þar sem meiri brögð eru að stýringu í prófkjörum innan kjördæma heldur en raun virðist vera á innan sveitarfélaga. Því hefði aðferðafræðin í raun átt að prufukeyrast við kosningar til Alþingis síðastliðið vor. eða einfaldlega bíða næstu Alþingiskosninga.
- Í athugasemdum við frumvarpið er rætt um að persónukjör dragi úr flokksræði og má færa rök fyrir þeirri fullyrðingu. Flokkarnir munu þó með einum eða öðrum hætti þurfa að velja þá einstaklinga sem bjóða á fram undir óraðaða hluta listans auk þess að raða þeim sem hljóta föst sæti.
- Ákveðin hættu er á því að prófkjörsbarátta sem áður var háð tímanlega fyrir kosningar færast nú inni kosningabaráttuna sjálfa. Slíkt getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir frambjóðendur sem síðan sitja uppi með hnossið hugsanlega í hópi sem illa getur starfað saman í kjölfar harðskeyttrar baráttu samherja.
- Í minni og meðalstórum sveitarfélögum er erfitt að fá einstaklinga til þátttöku í pólitísku starfi hvort sem er til Alþingis eða sveitarstjórna. Einfalt kerfi við val frambjóðanda virkar hvetjandi á meðan aukið flækjustig fælir fólk frá. Mikilvægt er að hafa þetta í huga við allar breytingar á kosningakerfinu. Því er kynning á hinu nýja kerfi afar mikilvæg og þarf að vinna með góðum fyrirvara eigi hún að skila tilætluðum árangri.




HVERAGERÐISBÆR


- Erfitt ef ekki ómögulegt verður að stilla upp sameiginlegum lista margra flokka þar sem engin leið er að stýra því hvernig aðilar frá hverjum flokki raðast á listann. En slík uppstilling hefur verið leiðarljós þeirra sem í sameinuðum framboðum eru.
- Ógjörningur verður að tryggja jafna stöðu kynja á framboðslistum með þessu fyrirkomulagi og ákveðin hætta á að konur beri skarðan hlut frá borði.
- Ný aðferðafræði við talningu atkvæða tryggir sannarlega meira vægi minnihlutans en á kostnað áður viðurkenndra aðferða við talningu atkvæða
- Kosningakerfi eiga að vera einföld og vel skiljanleg. Kerfið sem lagt er til í frumvarpinu sveigir í svo veigamiklum atriðum frá áður þekktum kosningakerfum hér á landi að verði það að veruleika kallar það á umfangsmikla kynningu sem rétt er að ríkisstjórnin standi að og fjármagni. Vinna kjörstjórna við að setja sig inni nýtt kerfi er umtalsverð ásamt því að talning atkvæða verður tímafrekari en áður. Ennfremur mun framkvæmd kosninganna einnig verða tímafrekari sem kallar væntanlega á fjölgun kjördeilda með tilheyrandi kostnaði. Að okkar mati þyrfti að leggja fram með frumvarpinu kostnaðarmat sem óhjákvæmanlega hlýst af breytingunni. Það er mikilvægt að Samband íslenskra sveitarfélaga haldi utan um þann kostnaðarauka sem af breytingunni hlýst og taki upp viðræður við ríkisstjórnina um kostnaðarþátttöku vegna breytingarinnar.

Að þessu sögðu lýsum við yfir ánægju með þá vinnu sem lögð hefur verið fram við gerð frumvarpsins.

Gjört í Hveragerði 24. ágúst 2009

F.h. bæjarfulltrúa í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar

  
Aldís Hafsteinsdóttir  
Bæjarstjóri



Afrit sent: stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavík,  
24. ágúst 2009

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Efni: Umsögn um frumvarp dóms- og kirkjumálaráðherra um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (þskj. 252).

Umsögn þessi er einskorðuð við þau ákvæði 13. greinar frumvarpsins, sem fela í sér um hvern framboðslista, hvaða frambjóðendur hans hafa verið kjörnir, þegar fyrir liggur, hversu marga fulltrúa listinn hefur hlotið.

*Því verður lýst með dæmum, að úthlutunaraðferðin, sem frumvarpið felur í sér, getur verið öfugsnúin í þeim skilningi, að aukinn atkvæðastyrkur verði frambjóðanda að falli.*

Fyrst verða sýnd tvö dæmi um atkvæðagreiðslur, þar sem tveir frambjóðendur tiltekins lista voru kjörnir og komu fram 39 atkvæði.

atkvæði	fyrsta sæti	annað sæti	atkvæði	fyrsta sæti	annað sæti
13	Árni	*	13	Árni	*
9	Bjarni	*	9	Bjarni	*
3	Pétur	*	3	Bjarni	*
6	Pétur	Páll	6	Pétur	Páll
8	Páll	Bjarni	8	Páll	Bjarni

1. dæmi  
Árni og Bjarni kjörnir

2. dæmi  
Árni og Páll kjörnir

Í annarri þeirra (1. dæmi) hlutu Árni og Bjarni kosningu. (Árni er kjörinn þegar í stað, síðan er Páll felldur brott og Bjarni fær atkvæði hans og nær kjöri.) Í hinna atkvæðagreiðslunni (2. dæmi) féllu atkvæði eins með þeirri breytingu þó, að þrír kjósendur, sem áður höfðu kosið Pétur í fyrsta sæti, greiddu Bjarna atkvæði í fyrsta sæti. Niðurstaða þeirrar atkvæðagreiðslu var sú, að Árni og Páll hlutu kosningu. (Árni er kjörinn þegar í stað, síðan er Pétur felldur brott og Páll fær atkvæði hans og nær kjöri.)

Síðan verða sýnd önnur tvö dæmi um atkvæðagreiðslur, þar sem tiltekinn listi hlaut einnig tvo fulltrúa kjörna; hér féllu listanum í skaut 10 002 atkvæði, þar sem frambjóðendum var raðað. Í dæmunum eru sýndir fjórir frambjóðendur. Vel má hugsa sér, að þeir hafi verið fleiri í reynd, en dæmin eru þá miðuð við stöðu mála, þegar felldur hefur verið brott hver frambjóðandinn af öðrum með fæst atkvæði hverju sinni í fyrsta sæti. Dæmin sýna þá, hvernig ástatt er, þegar komið er að því, að einhver frambjóðandi hafi hlotið tilskilið atkvæðahlutfall, hér þriðjung atkvæða, til að ná kjöri. Í dæmunum er sýnt að nokkru, hvernig raðað var í annað sæti, en í öðrum tilvikum gildir einu, hvernig það var gert, og einnig gildir einu, hvernig raðað var neðar í sæti.

atkvæði fyrsta sæti annað sæti

3342	Árni	*
2320	Bjarni	*
1000	Pétur	*
1340	Pétur	Páll
2000	Páll	Bjarni

3. dæmi

Árni og Bjarni kjörnir

atkvæði fyrsta sæti annað sæti

3342	Árni	*
2320	Bjarni	*
1000	Bjarni	*
1340	Pétur	Páll
2000	Páll	Bjarni

4. dæmi

Árni og Páll kjörnir


Í annarri atkvæðagreiðslunni (3. dæmi) hlutu Árni og Bjarni kosningu samkvæmt reikni-reglu frumvarpsins. (Fyrst nær Árni kjöri, Páll fellur út og Bjarni fær atkvæði hans.) Í hinna atkvæðagreiðslunni (4. dæmi) féllu atkvæði eins með þeirri breytingu þó, að 1000 kjósendur, sem áður höfðu kosið Pétur í fyrsta sæti, greiddu í þetta sinn Bjarna atkvæði í fyrsta sæti. Niðurstaða þeirrar atkvæðagreiðslu var sú, að Árni og Páll hlutu kosningu samkvæmt sömu reiknireglu frumvarpsins. (Fyrst nær Árni kjöri, Pétur fellur út og Páll fær atkvæði hans.) Aukinn atkvæðastyrkur Bjarna á kostnað Péturs, sem nam 10% allra atkvæða listans, varð honum að falli, þótt engin önnur breyting hafi orðið á atkvæðatölum. Páll hrósaði þá sigri.

Hér var lýst, hvernig breyting varð frá 3. dæmi til 4. dæmis. Vitaskuld má virða málið fyrir sér úr gagnstæðri átt. Við getum lýst máli þannig við ímyndaðar aðstæður, að kjósendur hafi verið að því komnir að láta atkvæði falla eins og í 4. dæmi, en að á síðustu stundu hafi fylgi hrúnið af Bjarna með þeim hætti, sem kemur fram í 3. dæmi. Fylgis-hrúnið varð honum hins vegar til happs, því að einmitt vegna þess náði hann kjöri.

Þau dæmi, sem hér hefur verið lýst, hafa almennt gildi í þeim skilningi, að ekki skiptir máli, að hér átti að velja tvo frambjóðendur úr hópi fjögurra.


Álykta verður af þessum dæmum, að reikniaðferð frumvarpsins sé svo gölluð, að ekki megi til þess koma, að hún verði lögfest. Með henni er virt að vettugi sjálfsögð krafa, að aukinn atkvæðastyrkur eins frambjóðanda á kostnað annars megi, að öllum öðrum atkvæðatölum óbreyttum, með engu móti verða hinum fyrrnefnda í óhag.

Virðingarfyllst,



Jón Ragnar Stefánsson,  
Hrefnugötu 10,  
105 Reykjavík.

Afrit til dóms- og kirkjumálaráðherra.



KVENRÉTTINDAFÉLAG  
ÍSLANDS

Stofnað 27. janúar 1907  
Hallveigarstöðum  
Túngötu 14, 101 Reykjavík • Sími 551 8156  
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 137/75/  
komudagur 1.9.2009

*Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK*

Reykjavík, 31. ágúst 2009

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um breytingu á lögum um kosningar til  
sveitastjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) fagnar því að fram sé komið frumvarp er stuðlar að almennum lýðræðisumbótum. Í breytingartillögum frumvarpsins felst aukið vald til handa kjósendum sem velja eiga frambjóðendur til setu í sveitarsjórnnum og ber að fagna því.

Stjórn KRFÍ lýsir hinsvegar áhyggjum sínum af því að engar sérstakar reglur né lögín sjálf virðast eiga að tryggja jafnrétti kynjanna á framboðslistunum. Í því ljósi krefst stjórn KRFÍ að kynjajafnrétti verði tryggt á framboðslistunum með því að setja kynjakvóta fyrir hvern lista eða með öðrum hætti að tryggja að hlutur kvenna, sem oftast en ekki hallar á, sé tryggður með sérstökum aðgerðum, nema um sérstök kvenna- eða karlaframboð sé að ræða. Með jöfnu hlutfalli kynja er hægt að miða við það sama og gildir við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga, þ.e. að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% af öðru hvoru kyni.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir,  
framkvæmdastjóri KRFÍ

Allsherjarnefnd Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 20. ágúst 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (pskj. 252, 149. mál).

Með bréfi 4. ágúst óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir því að landskjörstjórn veitti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum kosningar til sveitarstjórna þar sem lagt er til að tekið verði upp nýtt kerfi persónukjörs í sveitarstjórnarkosningum. Umsagnarbeiðnin var tekin fyrir á fundi landskjörstjórnar 18. ágúst 2009 og vill hún koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Landskjörstjórn tekur ekki afstöðu til þeirrar pólitísku spurningar hvort auka eigi vægi kjósenda við úthlutun sæta í sveitarstjórn (eða þingsæta við alþingiskosningar) til einstakra frambjóðenda. Þá telur landskjörstjórn það ekki samrýmast hlutverki sínu að taka afstöðu til ólíkra leiða til að auka persónukjör. Landskjörstjórn hefur hins vegar farið yfir frumvarpið með tilliti til kosningatæknilegra atriða. Að því leyti er frumvarpið vel ígrundað að mati landskjörstjórnar og ekki ástæða til að benda á nema örfá atriði.

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til breytingar á því fyrirkomulagi að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefjist áður en að framboðslistar liggja fyrir. Núgildandi tilhögun leiðir til þess að kjósendur geta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni án þess að vita hvaða listar bjóða sig fram og hvaða einstaklingar skipi þá. Í skýrslu ÖSE út af alþingiskosningunum 25. apríl 2009 kemur fram að utankjörfundaratkvæðagreiðsla ætti ekki að hefjast fyrr en framboð hafa verið staðfest af landskjörstjórn. Landskjörstjórn tekur undir þá afstöðu og telur að sérstakt tilefni sé til breytinga á þessu atriði í tengslum við aukið persónukjör.


Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins er tekið fram að útstrikun á nafni hafi enga merkingu. Málsgreinin virðist þjóna þeim tilgangi að benda á að tillagan miðar að viðsnúningi á aðferð kjósendans til að hafa áhrif á röð frambjóðenda. Í stað þess að breyta listanum með neikvæðum hætti eins og útstrikun er honum ætlað að byggja listann upp. Það hefur hins vegar enga sérstaka lagalega þýðingu að taka fram í löggjöf að tiltekin aðgerð hafi enga merkingu lengur þó að eðlilegt sé að leggja ríka áherslu á það í greinargerð og við kynningu á breyttri framkvæmd. Ef vilji stendur til þess að þessi breyting endurspeglist í sjálfum lagatextanum vill landskjörstjórn benda á að ná megi hliðstæðum áhrifum með því að fella brott 3. mgr. en bæta við 4. mgr. setningu er getur hljóðað svo: „Setji kjósandi önnur merki við nöfn þeirra en 2. mgr. kveður á um, til dæmis striki yfir eitt eða fleiri nöfn, er atkvæðið gilt, enda séu ekki aðrir annmarkar á því, en horft skal fram hjá slíkum merkingum.“

# LANDSKJÖRSTJÓRN

Þá vill landskjörstjórn benda á að í 3. tölul. 13. gr. frumvarpsins er rætt um tölu þingsæta þar sem átt er við tölu sæta í sveitarstjórn.

Að lokum vill landskjörstjórn áréttta þá afstöðu sína, sem fram kom í bréfi til allsherjarnefndar 9. júlí síðast liðinn, að fyrirkomulag kosninga hér á landi þarfnast heildarendurskoðunar.

F.h. landskjörstjórnar



Astráður Haraldsson  
formaður.



**LANDSSAMBAND  
ELDRI BORGARA**

Landssamband Eldri Borgara  
K. S. Landssamband Eldri Borgara  
Sími: 590 88 88 / 590 88 89  
Netfang: [landssamband@landssamband.is](mailto:landssamband@landssamband.is)  
Vefsíða: [www.lsb.is](http://www.lsb.is)

*Alþingi  
Erindi nr. P 137/732  
komudagur 24.8.2009*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. ágúst 2009

Framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara hefur fjallað um frumvarp til laga um kosningar til sveitastjórna, 149 mál, persónukjör. Framkvæmdastjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Stjórnin telur frumvarpið geta dregið úr flokksræði og aukið vald kjósenda á því hvaða einstaklingar ná kjöri.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar,

Valgerður Katrín Jónsdóttir  
Framkvæmdastjóri





Alþingi  
Allsherjarnefnd, 149. mál, persónukjör  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 4. september 2009  
nr. erindis 200908038 sój

Efni: Umsögn bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.

Mosfellsbæ barst erindi frá Allsherjarnefnd Alþingis með bréfi dags. 4. ágúst 2009, þar sem Mosfellsbæ var gefinn kostur á að koma að umsögn sinni um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör. Aðalmenn í bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafa náð saman um neðangreinda umsögn sem þeir senda inn til nefndarinnar sem persónulega umsögn sína, umsögnin er ekki formleg afgreiðsla bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

Bæjarfulltrúar í Mosfellsbæ fagna þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um lýðræðismál og um aukið val og vægi kjósenda í kosningum. Ljóst er að frumvarp til laga um persónukjör er vert innlegg í þá umræðu og hefur vakið upp umræðu og skoðanaskipti sem ekki sér fyrir endann á.

Eftirfarandi atriði og vangaveltur finnst bæjarfulltrúum í Mosfellsbæ rétt að benda á.

- Bæjarfulltrúar hafa áhyggjur af því að of hratt sé farið í að breyta lögum um kosningar til sveitarstjórna hvað varðar hugmyndir um persónukjör. Hér er um að ræða mjög viðkvæmt mál sem þarfnast mikils undirbúnings og mikilvægt að engin mistök eigi sér stað við kosningar næsta vor, sérstaklega á tímum sem þessum. Bæjarfulltrúum finnst ákveðin hættu vera því samfara ef mál eins og persónukjör hefur ekki fengið næga umræðu og ígrundun því þá geti hugsanlega farið á ýmsan veg með niðurstöður kosninga og starfið geti verið erfitt í framhaldinu. Því skaut þeirri hugsun upp hjá mörgum hvort ekki væri ráð að fara betur yfir þetta mál og jafnvel láta ný kosningalög taka gildi frá og með næstu Alþingiskosningum. Einnig var sú skoðun ríkjandi meðal bæjarfulltrúanna að þar gæti ábatinn í lýðræðisátt með nýju kerfi verið meiri en í sveitarstjórnarkosningum.
- Áhyggjur komu fram um kosningarnar sjálfar og framkvæmd þeirra. Ljóst má vera að framkvæmdin verður mun flóknari og þarfnast meiri undirbúnings. Einnig komu fram áhyggjur af því að spenningurinn á kosninganóttinni sjálfri heyrði sögunni til þar sem það tæki lengri tíma að fá fram úrslit. Í því sambandi beindust áhyggjur manna einnig að því að það gæti dregið úr kjörsókn og þannig gætu áform lagabreytingarinnar um aukið lýðræði snúist upp í andhverfu sína og dregið úr lýðræði. Kjörsókn hér á landi hefur hingað til verið mjög mikil a.m.k. í samburði við mjög mörg önnur lýðræðisríki. Væntanlega er ein ástæða þess einfaldleiki kerfisins. Þess vegna þurfa allar breytingar á því að vera mjög vel ígrundaðar.

- Það kom fram hjá bæjarfulltrúum að ákveðin hætta væri á að s.k. prófkjörsbaráttu færðist inn í kosningabaráttuna og jafnvel inn í kjörklefann. Slíkt gæti haft óheppileg eftirköst og sett kjörna fulltrúa í erfiða stöðu eftir kosningar og aukið á ósamstöðu. Enginn talsmaður eða oddviti færi fyrir listanum sem hefur óheppileg áhrif á allan kosningaundirbúning.
- Áhyggjur af lýðræðisþættinum komu einnig sterkt fram. Ákveðin hætta kynni að vera á því að aðeins lítill hluti kjósenda taki þátt í persónukjörinu og þar af leiðandi lítill hluti kjósenda sem í raun veldi listann, og þar með gæti lýðræðishugsunin snúist upp í andhverfu sína. Þetta leiðir hugann af því hvort það mætti hugsa sér að krafist yrði ákveðinnar lágmarksþátttöku í persónukjöri svo það verði bindandi. Að öðrum kosti gildi leiðbeinandi röðun listans sjálfs.

Þetta eru aðeins hugleiðingar um þetta mikilvæga mál og vilja bæjarfulltrúarnir leggja áherslu á að hér verði mjög til verka vandað og ekki rasað um ráð fram.

Virðingarfyllst,

f.h. neðangreindra aðalfulltrúa í bæjarstjórn Mosfellsbæjar, auk undirritaðs.

Marteins Magnússonar B lista  
 Herdísar Sigurjónsdóttur D lista  
 Hafsteins Pálssonar Dlista  
 Jónasar Sigurðssonar S lista  
 Hönnu Bjartmars Arnardóttur S lista  
 Karls Tómassonar V lista

  
 Haraldur Sveinsson  
 bæjarstjóri D lista



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/800*  
*komudagur 22.9.2009*

***Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna - umsögn***

Á fundi borgarráðs 17. þ.m. var lagt fram að nýju frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, ásamt bréfi allsherjarnefndar Alþingis frá 4. f.m., þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarpið. Jafnframt var lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 14. þ.m.

Borgarráð samþykkti að vísa til umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.


Borgarráðsfulltrúar Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna óskuðu bókað:

Borgarráðsfulltrúarnir telja rétt og skylt að skoða leiðir við tilhögun kosninga til að mæta óskum kjósenda um aukið vald yfir því hvaða einstaklingar hljóta atkvæði þeirra og sitja í þeirra umboði sem kjörnir fulltrúar. Borgarráðsfulltrúarnir taka undir það sjónarmið sem endurspeglast í umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að allar breytingar á kosningalögum þurfi ítarlega lýðræðislega umræðu og aðkomu sem flestra. Borgarráðsfulltrúarnir telja því, líkt og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, að gildistaka nýrra kosningalaga aðeins nokkrum mánuðum fyrir kosningar geti reynst flókin og jafnvel komið í veg fyrir að markmið breytinganna náist. Loks er eindreginn vilji Reykjavíkurborgar til að koma að endurskoðun laga um sveitarstjórnarkosningar ítrekaður og harmað að enginn kjörinn sveitarstjórnarfulltúi hafi átt sæti í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta mikilvæga mál.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar óskuðu bókað:

Fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarráði vonast til þess að almenn umræða skapist í samfélaginu um persónukjör sem leiði til aukins vægis kjósenda við val á þeim einstaklingum sem verða í sveitarstjórnnum í umboði þeirra. Vonandi verður tekið tillit til vilja almennings en ekki einungis umsagna frá sveitarstjórnarfólki sem augljóslega hefur hagsmuna að gæta sem fulltrúar flokkanna í núverandi kerfi. Frumvarpið sem nú liggur fyrir eykur vald kjósenda sem raða frambjóðendum þess flokks sem það kys. Þótt ekki sé boðið upp á að velja fólk úr öllum flokkum yrði Ísland í forystu á Norðurlöndunum með samþykki frumvarpsins. Ýmsar athugasemdir hafa verið settar fram um frumvarpið en minna skal á að þær eiga ekki síður við í núverandi kerfi, sem hvorki tryggir jafnan rétt kynjanna né jafnræði milli frambjóðenda. Í útfærslu nýs kosningafyrirkomulags má taka tillit til margra þessara athugasemda. Stjórnvöld geta samhliða því að nýtt kerfi er kynnt, ítrekað og hvatt til jafnrar kynjaskiptingar og ný lög um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda eiga að stuðla að því að aukið jafnræði verði meðal frambjóðenda.

Jafnframt lagði borgarráðsfulltrúi Vinstri grænna fram umsögn um frumvarpið, ódags.

  
Ólafur Kr. Hjörleifsson  
e.u.

Hjálagt:

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 14. sept. sl.

Umsögn borgarráðsfulltrúa Vinstri grænna, ódags.





## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Málsnr.: *10908006*  
Skjalasafn Ráðhúss  
14 SEPT. 2009  
Bréfalykill: *175*

Alþingi  
b.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. september 2009

0908021SA/GB-mkh  
Málalykill: 111

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar, 149. mál

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar, dags. 4. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint þingmál, sem felur í sér þá breytingu frá gildandi fyrirkomulagi við kosningar til sveitarstjórna að tekið verði upp persónukjör.

Á vettvangi sveitarfélaganna er mikill áhugi á því að auka íbúalýðræði og hafa landsþing sambandsins stregað ályktað í þá veru. Einnig hefur Samband Íslenskra sveitarfélaga sett á fót lýðræðishóp til að setja fram tillögur um aukið lýðræði í sveitarfélögum. Frumvarpið er mikilvægt innlegg í þá vinnu. Málið hefur verið til umfjöllunar á tveimur fundum stjórnar sambandsins auk þess sem lýðræðishópur sambandsins hefur fengið kynningu á frumvarpinu og var það kynnt fyrir sveitarstjórnarfólki á málþingi sem sambandið hélt 19. ágúst sl. Almenn umræða um frumvarpið og kynning á þeim breytingum sem þar eru lagðar til er því hafin á sveitarstjórnarstiginu og hefur ofangreindur lýðræðishópur til að mynda hvatt landshlutasamtök sveitarfélaga til að taka lýðræðismál og persónukjör til umræðu á aðalfundum sínum sem standa nú yfir. Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að góð umræða þarf að fara fram áður en frumvarpið getur orðið af lögum.

Af fyrstu viðbrögðum má ráða að skoðanir eru skiptar um málið meðal sveitarstjórnarmanna. Á vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga virðist sú hugmynd njóta töluverðs stuðnings að kveða á þessu stigi aðeins á um heimild til sveitarstjórna til þess að ákveða að viðhafa persónukjör fremur en að skylda öll sveitarfélög til þess að taka upp þá kosningaraðferð. Binda mætti slíka ákvörðun því skilyrði að aukinn meirihluti í sveitarstjórn samþykki slíka tillögu. Með því móti mætti gera tilraun með persónukjör í nokkrum sveitarfélögum við næstu sveitarstjórnarkosningar og meta í framhaldinu hvort ástæða er til að lögfesta persónukjör við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar. Einnig kom þó fram það sjónarmið að stjórnmalaflokkar þyrftu að eiga val um það hvort þeir stilla upp röðuðum eða óröðuðum lista.

#### 1. Almennt um frumvarpið

Fulltrúar sambandsins tóku þátt í vinnu við gerð frumvarpsins og komu á því stigi á framfæri fjölmörgum ábendingum. Er því ekki tilefni til að gera athugasemdir við efni einstakra greina frumvarpsins.

Með nokkurri einföldun má segja að frumvarpið feli í sér þá meginbreytingu að prófkjör fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum, þar sem kjósendur framboðslista munu ráða röð efstu manna á hverjum lista, þ.e. hinum óraðaða hluta framboðslista. Áhrif hins almenna kjósanda verða fyrir vikið



mun meiri en tíðkast hefur til þessa, þar sem þátttaka í prófkjörum er í flestum tilvikum bundin við skráða flokksmenn og í sumum tilvikum þá sem eru tilbúnir að lýsa yfir stuðningi við viðkomandi lista.

Við gerð frumvarpsins reyndist ekki vera almennur vilji til þess hjá fulltrúum þingflokka að ganga skrefinu lengra en gert er í frumvarpinu, með því að heimila kjósendum að greiða frambjóðendum á fleiri en einum framboðslista atkvæði sitt líkt og þekkist m.a. á Írlandi. Niðurstaða starfshópsins var sú að leggja til forgangsröðunaraðferð en í skýringum við frumvarpið er jafnframt lýst öðrum þekktum aðferðum við persónukjör. Tekið skal fram að fulltrúar sambandsins töldu sig ekki hafa umboð til að lýsa stuðningi við eina tiltekna persónukjörsaðferð umfram aðrar við gerð frumvarpsins.

Rétt er að undirstrika að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er ekki með neinum hætti hróflað við listakosningu og hlutfallskosningakerfinu hér á landi. Kjósendur munu eftir sem áður kjósa tiltekinn lista og telst atkvæðið listanum til tekna óskipt við úthlutun sæta til listans í réttu hlutfalli við úrslit kosninganna. Persónukjorið hefur því einungis áhrif á það hvaða frambjóðendur hvers lista hreppa þau sæti sem listinn fær í sveitarstjórn samkvæmt niðurstöðu kosninganna. Það sjónarmið hefur hins vegar komið fram í umræðu um frumvarpið að sveitarstjórnarmenn telja koma sterklega til greina að persónuval verði ríkara í sveitarstjórnarkosningum en í alþingiskosningum, þ.e. að kjósendum ætti að vera heimilt að velja frambjóðendur þvert á lista enda er nálægð frambjóðenda við kjósendur meiri en í þingkosningum.

## 2. Mögulegir ókostir við persónukjör

Rétt er í upphafi að taka fram að gildandi kosningafyrirkomulag hefur ýmsa ókosti og í sumum tilvikum á eftirfarandi umfjöllun einnig við um gildandi lög um sveitarstjórnarkosningar og aðferðir við uppstillingu framboðslista. Má þar nefna að jafnræði kynjanna er engan veginn betur tryggt í núverandi kosningalöggjöf en í tillögum um persónukjör. Einnig eru margir þeirrar skoðunar að töluvert vanti upp á það að jafnræði frambjóðenda sé tryggt í prófkjörum, auk þess sem prófkjörsbaráttan sé dýr og geti oft reynt mjög á samstöðu innan stjórnmalaflokkanna. Einnig þykir sú aðferð að strika frambjóðendur út af framboðslistum fela í sér mun neikvæðari skilaboð frá kjósendum en sú aðferð sem lögð er til í frumvarpinu.

Í almennri umræðu um frumvarpið hefur einkum verið bent á eftirtalda mögulega ókosti við þá forgangsröðunaraðferð sem lögð er til í frumvarpinu:

- 1) Í fyrsta lagi er bent á að í persónukjori sé á engan hátt tryggt að jafnræði verði á milli kynjanna í efstu sætum framboðslista. Rétt er þó að hafa í huga að persónukjör hefur verið viðhaft í sveitarstjórnarkosningum annars staðar á Norðurlöndunum um árabíl og er ekki vitað til þess að fyrirkomulagið hafi reynst öðru kyninu sérstaklega óhagstætt.
- 2) Í öðru lagi er talin vera hættu á innbyrðis átökum innan framboðslista í aðdraganda kosninga þegar fleiri en einn frambjóðandi sækist eftir



öruggu sæti. Jafnframt er gjarnan bent á að kjósendur hljóti að standa frammi fyrir mikilli óvissu þegar ekki liggur skýrt fyrir hver er leiðtogaefni viðkomandi framboðslista. Sambandinu er ekki kunnugt um hvort þetta atriði hefur verið rannsakað sérstaklega annars staðar á Norðurlöndunum. Líkur eru þó á því að frambjóðendur beini kröftum sínum aðallega að því að hvetja kjósendur til þess að greiða sínum framboðslista atkvæði þótt þeir noti jafnframt tækifærið til að vekja athygli á eigin mannkostum.

- 3) Í þriðja lagi hefur verið bent á að erfitt geti reynst að fá fólk til að gefa kost á sér í óraðaðan hluta framboðslista af þeirri ástæðu að það geti átt á hættu að ná kjöri sem aðalmenn í sveitarstjórn án þess að vera tilbúið að leggja á sig þá vinnu sem því fylgir. Sambandið telur rétt að benda á að í Noregi og Svíþjóð eru boðnir fram raðaðir listar en kjósendur hafa rétt til þess að veita einstökum frambjóðendum persónuleg atkvæði. Í Danmörku er hins vegar heimilt að bjóða fram ýmist raðaða eða óraðaða lista. Einnig skal þó bent á að við kynningu á viðkomandi framboðslista gefst flokkunum tækifæri til þess að hvetja kjósendur til þess að kjósa tiltekna frambjóðendur í örugg sæti.
- 4) Í fjórða lagi mun sú kosningaraðferð sem lögð er til í frumvarpinu torvelða það að stjórn málahreyfingar sameinist um framboðslista, líkt og nokkuð hefur tilkast á sveitarstjórnarstigi, enda myndu aðstandendur slíks framboðs litlu ráða um það hvernig frambjóðendur einstakra flokka raðast í persónukjöri. Flokkarnir gætu m.ö.o. ekki samið fyrirfram um skiptingu sæta í sveitarstjórn þar sem það vald færist til kjósenda í persónukjöri.
- 5) Í fimmta lagi hefur verið bent á að það muni taka kjósendur einhvern tíma að venjast hinni nýju kosningaraðferð. Hætta sé því á að umtalsverður hluti kjósenda muni ekki taka þátt í persónukjörinu heldur einungis kjósa viðkomandi lista eða einungis merkja við fáa frambjóðendur. Einnig sé mögulegt að einhverjir kjósendur nýti ekki atkvæðisrétt sinn vegna þess að þeim muni þykja hin nýja aðferð of flókin. Á mótí má benda á að við gerð frumvarpsins var leitast við að tryggja að atkvæði verði ekki úrskurðuð ógild nema á þeim séu verulegir annmarkar, sbr. einkum 8. gr., 12. gr. og 2. tl. 1. mgr. 13. gr. Jafnframtaldi starfshópurinn það mæla með forgangsröðunaraðferðinni að margir kjósendur þekktu þá aðferð að númera tiltekinn fjölda frambjóðenda eftir þátttöku í prófkjörum.
- 6) Loks er ljóst að talning atkvæða verður mun tímafrekari en áður og má vænta þess að niðurstaða í persónukjöri muni, a.m.k. í fjölmennustu sveitarfélögunum, jafnvel ekki liggja fyrir fyrir en einhverjum sólarhringum eftir kjördag. Með góðri skipulagningu á þó að vera unnt að stytta þennan tíma verulega. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið muni láta þróa forrit til að flýta fyrir talningu í persónukjöri enda felur frumvarpið í sér fremur flóknar reikniaðferðir við röðun frambjóðenda. Ekki er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin þurfi að greiða fyrir aðgang að



Því forriti. Hugsanlegt er því að a.m.k. í minni sveitarfélögum verði unnt að tilkynna endanleg kosningaúrslit að kvöldi kjördags.

Í ljósi alls framangreinds telur Samband Íslenskra sveitarfélöga mikilvægt að skoða hvort aðrar leiðir séu jafn vel eða betur til þess fallnar að auka áhrif kjósenda en sú aðferð sem lögð er til í frumvarpinu. Stjórn sambandsins er þó eindregið þeirrar skoðunar að útstríkanir séu ekki ákjósanleg aðferð til að ákveða endanlega röð frambjóðenda.

Jafnframt ber þó að hafa í huga að undirbúningur sveitarstjórnarkosninga er í þann veg að hefjast. Hvetur sambandið til þess að óvissa um breytingar á kosningafyrirkomulagi verði eytt hið fyrsta. Náist ekki samstaða um persónukjör í sveitarstjórnarkosningum verði það skoðað hvort opna megi á það að persónukjör fari fram í þeim sveitarfélögum þar sem samstaða er í sveitarstjórn um málið. Mikilvægt er að frumvarp um persónukjör fái vandaða umfjöllun á Alþingi en ef til lagasetningar kemur þarf Alþingi að hafa lokið afgreiðslu málsins sem fyrst og eigi síðar en í lok nóvember.

### 3. Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og rafræna kjörskrá

Fulltrúar sambandsins hvöttu til þess við gerð frumvarpsins að lagðar yrðu til breytingar á framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu samhliða gerð þessa frumvarps. Ekki var orðið við þeim ábendingum, m.a. með vísan til þess hve skamman tíma starfshópurinn hafði til að ljúka sinni vinnu. Sambandið telur hins vegar ríka ástæðu til að vekja máls á þeirri tímaskekkju sem felst í því að í gildandi lögum um kosningar til Alþingis er kveðið á um að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skuli hefjast átta vikum fyrir kjördag, þ.e. fimm vikum áður en framboðsfrestur rennur út. Eins og kunnugt er gilda ákvæði laganna einnig um utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Sérfræðingar um kosningaframkvæmd sem þátt tóku í frumvarpsgerðinni tóku undir það sjónarmið að við upptöku persónukjörs væri enn ríkari ástæða en áður til þess að stytta þann tíma sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla stendur yfir. Var m.a. vísað til þess að í nálægum löndum stæði hún ekki lengur yfir en í tvær vikur. Ef ákveðið verður að stytta frestinn gefst jafnframt tækifæri til að hverfa frá notkun þeirra stöðluðu kjörseðla sem nú er notast við í utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Þess í stað yrði mögulegt að prenta út hjá kjörstjórum atkvæðaseðla með nöfnum frambjóðenda til að auðvelda þeim kjósendum sem greiða atkvæði fyrir kjördag að taka þátt í persónukjöri. Að áliti sambandsins er slík breyting löngu tímabær.

Samband Íslenskra sveitarfélöga telur jafnframt mikilvægt að setja heimild í kosningalög varðandi notkun rafrænnar kjörskrár. Slík breyting myndi einfalda kosningaframkvæmd í sveitarfélögum þar sem eru margir kjörstaðir.

### 4. Kostnaðaráhrif gagnvart sveitarfélögum

Frumvarpið hefur verið kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum en vegna mistaka láðist að birta kostnaðarumsögn dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem fylgiskjal með frumvarpinu. Umsögnin sendist hjálagt og gerir sambandið ekki athugasemd við þá niðurstöðu að heildarkostnaðarauki sveitarfélöga vegna frumvarpsins geti orðið á bilinu 9-14 m.kr. við hverjar kosningar.






Skýrist sá kostnaðarauki aðallega af því að talning atkvæða til persónukjörs verður tímafrek. Launakostnaður til kjörstjórna og starfsmanna við innslátt og talningu atkvæða mun því hækka nokkuð.

Þar sem í frumvarpinu er gengið út frá því að persónukjör verði viðhaft við sveitarstjórnarkosningarnar 2010 sem nokkurs konar tilraun, sem nýtt verði til að meta hvort aðferðin henti einnig við alþingiskosningar, telur stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga eðlilegt að gera þá kröfu að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum þann viðbótarkostnað sem leiðir af frumvarpinu, a.m.k. vegna sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri





Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitastjórna (persónukjör).

Borgarráðsfulltrúa Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er ljúft og skylt að veita umsögn um umrætt frumvarp en telur að frumvarpið um persónukjör sé ófullkomið og þurfi mun betri umfjöllun áður en það er tilbúið til afgreiðslu.

Borgarráðsfulltrúi VG er reiðubúin til að skoða ýmsa möguleika á því að kjósendur hafi meiri áhrif á röðun lista í kjörklefa og nefnum í því sambandi rýmri heimildir til útstrikunar og endurröðunar. Að sama skapi er vilji til að skoða í því samhengi lagasetningu um fléttulista eða paralista til að jöfn kynjahlutföll séu tryggð. Sömuleiðis að tryggt sé að fólk geti ekki náð forskoti í krafti fjármagns.

Að þessu sögðu ber að skýra nokkur atriði sem að mati VG er nauðsynlegt að hafa í huga við endurskoðun kosningalaga og í umræðu um persónukjör.

### **Jafnrétti milli kynja**

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á jafnt kynjahlutfall meðal frambjóðenda og notað til þess kynjakvóta í forvölum. Í frumvarpinu er möguleiki á kynjakvótum útilokaður og þar með áhrifaríkasta tækið til að jafna hlut karla og kvenna í stjórnámálum. Það vekur furðu hversu lítill gaumur er gefinn að þessu í frumvarpinu og því raunar aðeins haldið fram að umdeilt sé hvaða áhrif persónukjör hefur á kynjahlutföll í stjórnámálum. Þá vekur athygli að aðeins er fjallað um kosningar til þjóðþinga í greinargerðinni, ekki til sveitarstjórna. Til dæmis segir: „Þrátt fyrir að persónukjör sé viðhaft í nokkrum mæli í þingkosningum í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð eru þessi ríki meðal þeirra sem hafa hvað hæst hlutfall kvenna á þingi.“ Trúlega er hvergi meira flokksræði en á Norðurlöndum við val á lista, sem skilar sér í jafnari kynjahlutföllum því flokkarnir setja sjálfum sér reglur og hafa flest allir sett í lög sín ákvæði um annað hvort kynjakvóta á framboðslistum eða svo kallaða fléttulista. Persónukjórið í almennum kosningum vegur þar á móti flokksræðinu og því má segja að fylgt sé blandaðri leið sem beri þennan árangur. Í frumvarpinu sem er hér til umfjöllunar er það hins vegar yfirlýst markmið að draga úr áhrifum flokkanna, en það er engu að síður flokksræðið sem hefur skilað jafnari kynjahlutföllum inn á þingi. Þannig hafa tveir stjórnámálaflokkar sem sitja nú á Alþingi tekið sér vald til að breyta niðurstöðum persónukjörs með tilliti til kynjasjónarmiða og eru það Vinstrihreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin. Það er því augljóst að þessir flokkar, sem sitja í þeirri ríkisstjórn sem leggur þetta frumvarp fram, verða að kanna til hlítar áhrif þess á jafnrétti kynjanna áður en lengra er haldið. Þetta frumvarp felur í sér afnám kynjakvóta sem er eina aðferðin sem hefur reynst skila raunverulegum árangri við að jafna hlut kynjanna við löggjafarsamkunduna.

### **Jafnræði milli sveitarfélaga**

Í umræðunni um persónukjör verður að taka tillit til hvaða áhrif það muni hafa innan mis fjölmennra sveitarfélaga. Í frumvarpinu er hlutbundin kosning notuð sem rök fyrir að persónukjör sé æskilegt en þegar betur er að gáð er hvað minnst endurnýjun í sveitarstjórnnum þar sem kosið er hlutbundinni kosningu og hallar mjög á konur þar.

Varðandi áhrif frumvarpsins í einstökum sveitarfélögum er vert að hafa í huga að mörg sveitarfélög eru til orðin vegna sameininga á liðnum árum og oftast en ekki samansett úr fleiri en einum byggðakjarna, sem hafa hver um sig eigin sögu og samsömun íbúanna. Æskilegt hefur þótt að tryggja að fulltrúar ólíkra hluta slíkra sveitarfélaga komi að sveitarstjórn og reyna stjórnmalaflokkarnir að taka tillit til þess við uppstillingu framboðslista. Með frumvarpinu eykst hættan á að einn hluti sveitarfélagsins, t.d. fjölmennasti byggðakjarninn, eignist flesta eða alla sveitastjórnarmenn. Slíkt getur valdið margháttuðum vandkvæðum og grefur undan stefnu stjórnvalda um fækkun og sameiningu sveitarfélaga.

### **Lýðræði**

Ef persónukjör fer fram í tengslum við kosningar er hætt við því að kastljósið beinist frekar að persónum en hugmyndum eða hugsjónum. Frambjóðendur berjast þá sín á milli í stað þess að einbeita sér að því að kynna stefnu framboðs síns og því getur upplýsingagjöf til kjósenda orðið minni og möguleikar flokkanna til að reka upplýsandi og málefnalega kosningabaráttu skertir. Áður en lengra er haldið er því rétt að leggja mat á hvers konar kosningar eða kosningabaráttu megi vænta af svona kerfi. Þá er vandséð hvernig eigi að draga úr flokksræði með því að færa persónukjör inn í kjörklefann þar sem fólk getur valið úr takmörkuðum fjölda frambjóðenda í stað þess að halda persónukjör fyrirfram þar sem fleiri fá tækifæri til að kynna sig án þess að varpa skugga á kosningabaráttuna sjálfa.

### **Blönduð framboð**

Erfitt er að sjá hvernig staðið skuli að blönduðum framboðum ef frumvarpið verður að lögum. Síðustu ár hafa blönduð framboð verið mörg og yfirleitt byggð á jafnræðisreglunni, þ.e. að hver flokkur eða hópur hafi sama sætafjölda. Breytingar á kosningalögum mega ekki verða til þess að þrengja að framboðum og jafnvel að útiloka blönduð framboð.

### **Peningar og vald fjölmiðla**

Frumvarpið gerir í raun ráð fyrir því að öllum flokkum verði gert að taka upp þá tegund prófkjara sem tíðkast hefur innan sumra stjórnmalaflokkanna og að þau flytjist inn í kjörklefann á kjördag. Því er mikilvægt að horfa til þess hvernig framkvæmd slíkra prófkjara hefur verið á liðnum árum. Þar hefur þróunin verið sú að einstakir frambjóðendur, t.d. í kjöri til borgarstjórnar Reykjavíkur og Alþingis, hafa eytt háum fjárhæðum í prófkjörbaráttu. Erfitt er að sjá annað en að með samþykkt frumvarpsins myndi sú baráttu flytjast inn í sjálfa kosningabaráttuna og leiða til verulegs aðstöðumunar milli félitilla framboða annars vegar og flokka sem hafa á að skipa efnameiri frambjóðendum hins vegar.

Verði á hinn bóginn farin sú leið að setja miklar eða algjörar hömlur við því að einstakir frambjóðendur kynni sig með persónulegri kosningabaráttu og auglýsingum, er ljóst að hið raunverulega vald myndi færast til kosningastjóra flokkanna og fjölmiðlanna. Það yrði þá þeirra að taka ákvörðun um hvaða frambjóðendum yrði teft fram í kosningabaráttunni á kostnað meðframbjóðenda þeirra.

Virðingarfyllst,

f.h. Stjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Drífa Snædal,

framkvæmdastýra Vinstri grænna

## Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

---

**From:** Ólafur Kr. Hjörleifsson [olafur.hjorleifsson@reykjavik.is]  
**Sent:** 18. ágúst 2009 12:51  
**To:** Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
**Cc:** Nefndasvið umsagnir  
**Subject:** Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórnar - persónukjör - umsögn

*Alþingi  
Mál nr. Þ 137/720  
Lagdagur 18.8.2009*


Sæl Elín Valdís

Með bréfi allsherjarnefndar, dags. 4. þ.m., barst Reykjavíkurborg til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórnna, 149. mál. Borgarráð mun gefa umsögn um frumvarpið, en það mun því miður ekki nást fyrir hinn tilgreinda frest, þ.e. 25. þ.m. Er því óskað eftir því að skilafrestur umsagnar Reykjavíkurborgar verði framlengdur til föstudagsins 4. september nk.

Með kveðju,  
Ólafur Kr. Hjörleifsson  
Skrifstofustjóri borgarstjórnar  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
[olafur.hjorleifsson@reykjavik.is](mailto:olafur.hjorleifsson@reykjavik.is)  
Sími: 411 4700  
Fax: 411 4799

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Ef nauðsynlega þarf að prenta, prentaðu þá báðar hliðar og í svarthvítu.



Alþingi  
Erindi nr. Þ 137/774  
komudagur 16.9.2009

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14. september 2009

0908021SA/GB-mkh  
Málalykill: 111

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar, 149. mál

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar, dags. 4. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar um ofangreint þingmál, sem felur í sér þá breytingu frá gildandi fyrirkomulagi við kosningar til sveitarstjórna að tekið verði upp persónukjör.

Á vettvangi sveitarfélaganna er mikill áhugi á því að auka íbúalýðræði og hafa landsþing sambandsins ítrekað ályktað í þá veru. Einnig hefur Samband íslenskra sveitarfélaga sett á fót lýðræðishóp til að setja fram tillögur um aukið lýðræði í sveitarfélögum. Frumvarpið er mikilvægt innlegg í þá vinnu. Málið hefur verið til umfjöllunar á tveimur fundum stjórnar sambandsins auk þess sem lýðræðishópur sambandsins hefur fengið kynningu á frumvarpinu og var það kynnt fyrir sveitarstjórnarfólki á málþingi sem sambandið hélt 19. ágúst sl. Almenn umræða um frumvarpið og kynning á þeim breytingum sem þar eru lagðar til er því hafin á sveitarstjórnarstiginu og hefur ofangreindur lýðræðishópur til að mynda hvatt landshlutasamtök sveitarfélaga til að taka lýðræðismál og persónukjör til umræðu á aðalfundum sínum sem standa nú yfir. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á að góð umræða þarf að fara fram áður en frumvarpið getur orðið af lögum.

Af fyrstu viðbrögðum má ráða að skoðanir eru skiptar um málið meðal sveitarstjórnarmanna. Á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga virðist sú hugmynd njóta töluverðs stuðnings að kveða á þessu stigi aðeins á um heimild til sveitarstjórna til þess að ákveða að viðhafa persónukjör fremur en að skylda öll sveitarfélög til þess að taka upp þá kosningaraðferð. Binda mætti slíka ákvörðun því skilyrði að aukinn meirihluti í sveitarstjórn samþykki slíka tillögu. Með því móti mætti gera tilraun með persónukjör í nokkrum sveitarfélögum við næstu sveitarstjórnarkosningar og meta í framhaldinu hvort ástæða er til að lögfesta persónukjör við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar. Einnig kom þó fram það sjónarmið að stjórn málaflakkar þyrftu að eiga val um það hvort þeir stilla upp röðuðum eða óröðuðum lista.

#### 1. Almenn um frumvarpið

Fulltrúar sambandsins tóku þátt í vinnu við gerð frumvarpsins og komu á því stigi á framfæri fjölmörgum ábendingum. Er því ekki tilefni til að gera athugasemdir við efni einstakra greina frumvarpsins.

Með nokkurri einföldun má segja að frumvarpið feli í sér þá meginbreytingu að prófkjör fari fram samhliða sveitarstjórnarkosningum, þar sem kjósendur framboðslista munu ráða röð efstu manna á hverjum lista, þ.e. hinum óraðaða hluta framboðslista. Áhrif hins almenna kjósanda verða fyrir vikið



mun meiri en tíðkast hefur til þessa, þar sem þátttaka í prófkjörum er í flestum tilvikum bundin við skráða flokksmenn og í sumum tilvikum þá sem eru tilbúnir að lýsa yfir stuðningi við viðkomandi lista.

Við gerð frumvarpsins reyndist ekki vera almennur vilji til þess hjá fulltrúum þingflokka að ganga skrefinu lengra en gert er í frumvarpinu, með því að heimila kjósendum að greiða frambjóðendum á fleiri en einum framboðslista atkvæði sitt líkt og þekkist m.a. á Írlandi. Niðurstaða starfshópsins var sú að leggja til forgangsröðunaraðferð en í skýringum við frumvarpið er jafnframt lýst öðrum þekktum aðferðum við persónukjör. Tekið skal fram að fulltrúar sambandsins töldu sig ekki hafa umboð til að lýsa stuðningi við eina tiltekna persónukjörsaðferð umfram aðrar við gerð frumvarpsins.

Rétt er að undirstrika að með þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu er ekki með neinum hætti hróflað við listakosningu og hlutfallskosningakerfinu hér á landi. Kjósendur munu eftir sem áður kjósa tiltekinn lista og telst atkvæðið listanum til tekna óskipt við úthlutun sæta til listans í réttu hlutfalli við úrslit kosninganna. Persónukjórið hefur því einungis áhrif á það hvaða frambjóðendur hvers lista hreppa þau sæti sem listinn fær í sveitarstjórn samkvæmt niðurstöðu kosninganna. Það sjónarmið hefur hins vegar komið fram í umræðu um frumvarpið að sveitarstjórnarmenn telja koma sterkega til greina að persónuval verði ríkara í sveitarstjórnarkosningum en í alþingiskosningum, þ.e. að kjósendum ætti að vera heimilt að velja frambjóðendur þvert á lista enda er nálægð frambjóðenda við kjósendur meiri en í þingkosningum.

## **2. Mögulegir ókostir við persónukjör**

Rétt er í upphafi að taka fram að gildandi kosningafyrirkomulag hefur ýmsa ókosti og í sumum tilvikum á eftirfarandi umfjöllun einnig við um gildandi lög um sveitarstjórnarkosningar og aðferðir við uppstillingu framboðslista. Má þar nefna að jafnræði kynjanna er engan veginn betur tryggt í núverandi kosningalöggjöf en í tillögum um persónukjör. Einnig eru margir þeirrar skoðunar að töluvert vanti upp á það að jafnræði frambjóðenda sé tryggt í prófkjörum, auk þess sem prófkjörsbaráttan sé dýr og geti oft reynt mjög á samstöðu innan stjórnmalaflokkanna. Einnig þykir sú aðferð að strika frambjóðendur út af framboðslistum fela í sér mun neikvæðari skilaboð frá kjósendum en sú aðferð sem lögð er til í frumvarpinu.

Í almennri umræðu um frumvarpið hefur einkum verið bent á eftirtalda mögulega ókosti við þá forgangsröðunaraðferð sem lögð er til í frumvarpinu:

- 1) Í fyrsta lagi er bent á að í persónukjóri sé á engan hátt tryggt að jafnræði verði á milli kynjanna í efstu sætum framboðslista. Rétt er þó að hafa í huga að persónukjör hefur verið viðhaft í sveitarstjórnarkosningum annars staðar á Norðurlöndunum um árabíl og er ekki vitað til þess að fyrirkomulagið hafi reynst öðru kyninu sérstaklega óhagstætt.
- 2) Í öðru lagi er talin vera hættu á innbyrðis átökum innan framboðslista í aðdraganda kosninga þegar fleiri en einn frambjóðandi sækist eftir



öruggu sæti. Jafnframt er gjarnan bent á að kjósendur hljóti að standa frammi fyrir mikilli óvissu þegar ekki liggur skýrt fyrir hver er leiðtogaefni viðkomandi framboðslista. Sambandinu er ekki kunnugt um hvort þetta atriði hefur verið rannsakað sérstaklega annars staðar á Norðurlöndunum. Líkur eru þó á því að frambjóðendur beini kröftum sínum aðallega að því að hvetja kjósendur til þess að greiða sínum framboðslista atkvæði þótt þeir noti jafnframt tækifærið til að vekja athygli á eigin mannkostum.

- 3) Í þriðja lagi hefur verið bent á að erfitt geti reynst að fá fólk til að gefa kost á sér í óraðaðan hluta framboðslista af þeirri ástæðu að það geti átt á hættu að ná kjöri sem aðalmenn í sveitarstjórn án þess að vera tilbúið að leggja á sig þá vinnu sem því fylgir. Sambandið telur rétt að benda á að í Noregi og Svíþjóð eru boðnir fram raðaðir listar en kjósendur hafa rétt til þess að veita einstökum frambjóðendum persónuleg atkvæði. Í Danmörku er hins vegar heimilt að bjóða fram ýmist raðaða eða óraðaða lista. Einnig skal þó bent á að við kynningu á viðkomandi framboðslista gefst flokkunum tækifæri til þess að hvetja kjósendur til þess að kjósa tiltekna frambjóðendur í örugg sæti.
- 4) Í fjórða lagi mun sú kosningaráðferð sem lögð er til í frumvarpinu torvelda það að stjórnmalahreyfingar sameinist um framboðslista, líkt og nokkuð hefur tíðkast á sveitarstjórnarstigi, enda myndu aðstandendur slíks framboðs litlu ráða um það hvernig frambjóðendur einstakra flokka raðast í persónukjöri. Flokkarnir gætu m.ö.o. ekki samið fyrirfram um skiptingu sæta í sveitarstjórn þar sem það vald færast til kjósenda í persónukjöri.
- 5) Í fimmta lagi hefur verið bent á að það muni taka kjósendur einhvern tíma að venjast hinni nýju kosningaráðferð. Hætta sé því á að umtalsverður hluti kjósenda muni ekki taka þátt í persónukjörinu heldur einungis kjósa viðkomandi lista eða einungis merkja við fáa frambjóðendur. Einnig sé mögulegt að einhverjir kjósendur nýti ekki atkvæðisrétt sinn vegna þess að þeim muni þykja hin nýja aðferð of flókin. Á móti má benda á að við gerð frumvarpsins var leitast við að tryggja að atkvæði verði ekki úrskurðuð ógild nema á þeim séu verulegir annmarkar, sbr. einkum 8. gr., 12. gr. og 2. tl. 1. mgr. 13. gr. Jafnframt taldi starfshópurinn það mæla með forgangs röðunaráðferðinni að margir kjósendur þekktu þá aðferð að númera tiltekinn fjölda frambjóðenda eftir þátttöku í prófkjörum.
- 6) Loks er ljóst að talning atkvæða verður mun tímafrekari en áður og má vænta þess að niðurstaða í persónukjöri muni, a.m.k. í fjölmennustu sveitarfélögum, jafnvel ekki liggja fyrir fyrir en einhverjum sólarhringum eftir kjördag. Með góðri skipulagningu á þó að vera unnt að stytta þennan tíma verulega. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið muni láta þróa forrit til að flýta fyrir talningu í persónukjöri enda felur frumvarpið í sér fremur flóknar reikniáðferðir við röðun frambjóðenda. Ekki er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin þurfi að greiða fyrir aðgang að





Því forriti. Hugsanlegt er því að a.m.k. í minni sveitarfélögum verði unnt að tilkynna endanleg kosningaúrslit að kvöldi kjördags.

Í ljósi alls framangreinds telur Samband íslenskra sveitarfélaga mikilvægt að skoða hvort aðrar leiðir séu jafn vel eða betur til þess fallnar að auka áhrif kjósenda en sú aðferð sem lögð er til í frumvarpinu. Stjórn sambandsins er þó eindregið þeirrar skoðunar að útstrikanir séu ekki ákjósanleg aðferð til að ákveða endanlega röð frambjóðenda.

Jafnframt ber þó að hafa í huga að undirbúningur sveitarstjórnarkosninga er í þann veg að hefjast. Hvetur sambandið til þess að óvissu um breytingar á kosningafyrirkomulagi verði eytt hið fyrsta. Náist ekki samstaða um persónukjör í sveitarstjórnarkosningum verði það skoðað hvort opna megi á það að persónukjör fari fram í þeim sveitarfélögum þar sem samstaða er í sveitarstjórn um málið. Mikilvægt er að frumvarp um persónukjör fái vandaða umfjöllun á Alþingi en ef til lagasetningar kemur þarf Alþingi að hafa lokið afgreiðslu málsins sem fyrst og eigi síðar en í lok nóvember.

### **3. Um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og rafræna kjörskrá**

Fulltrúar sambandsins hvöttu til þess við gerð frumvarpsins að lagðar yrðu til breytingar á framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu samhliða gerð þessa frumvarps. Ekki var orðið við þeim ábendingum, m.a. með vísan til þess hve skamman tíma starfshópurinn hafði til að ljúka sinni vinnu. Sambandið telur hins vegar ríka ástæðu til að vekja máls á þeirri tímaskekkju sem felst í því að í gildandi lögum um kosningar til Alþingis er kveðið á um að atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skuli hefjast átta vikum fyrir kjördag, þ.e. fimm vikum áður en framboðsfrestur rennur út. Eins og kunnugt er gilda ákvæði laganna einnig um utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Sérfræðingar um kosningaframkvæmd sem þátt tóku í frumvarpsgerðinni tóku undir það sjónarmið að við upptöku persónukjörs væri enn ríkari ástæða en áður til þess að stytta þann tíma sem utankjörfundaratkvæðagreiðsla stendur yfir. Var m.a. vísað til þess að í nálægum löndum stæði hún ekki lengur yfir en í tvær vikur. Ef ákveðið verður að stytta frestinn gefst jafnframt tækifæri til að hverfa frá notkun þeirra stöðluðu kjörseðla sem nú er notast við í utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Þess í stað yrði mögulegt að prenta út hjá kjörstjórum atkvæðaseðla með nöfnum frambjóðenda til að auðvelda þeim kjósendum sem greiða atkvæði fyrir kjördag að taka þátt í persónukjöri. Að áliti sambandsins er slík breyting löngu tímabær.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur jafnframt mikilvægt að setja heimild í kosningalög varðandi notkun rafrænnar kjörskrár. Slík breyting myndi einfalda kosningaframkvæmd í sveitarfélögum þar sem eru margir kjörstaðir.

### **4. Kostnaðaráhrif gagnvart sveitarfélögum**


Frumvarpið hefur verið kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum en vegna mistaka láðist að birta kostnaðarumsögn dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem fylgiskjal með frumvarpinu. Umsögnin sendist hjálagt og gerir sambandið ekki athugasemd við þá niðurstöðu að heildarkostnaðarauki sveitarfélaga vegna frumvarpsins geti orðið á bilinu 9-14 m.kr. við hverjar kosningar.



Skýrist sá kostnaðarauki aðallega af því að talning atkvæða til persónukjörs verður tímafrek. Launakostnaður til kjörstjórna og starfsmanna við innslátt og talningu atkvæða mun því hækka nokkuð.

Þar sem í frumvarpinu er gengið út frá því að persónukjör verði viðhaft við sveitarstjórnarkosningarnar 2010 sem nokkurs konar tilraun, sem nýtt verði til að meta hvort aðferðin henti einnig við alþingiskosningar, telur stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga eðlilegt að gera þá kröfu að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum þann viðbótarkostnað sem leiðir af frumvarpinu, a.m.k. vegna sveitarstjórnarkosninga árið 2010.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



## Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. \* 710 Seyðisfirði \* Sími 472 1690 \* Fax 472 1691 \* Netfang ssa@ssa.is \* www.ssa.is

**Alþingi**

**Erindi nr. Þ 137/773**

**komudagur 16.9.2009**

Seyðisfirði 14. sept 2009

Alþingi  
b/t allsherjarnefnd.  
Austurstræti 8-10 150 Reykjavík

### **Efni : Umsögn SSA um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar ,149. mál.**

Framkvæmdastjóri SSA hefur 25. ágúst sl. óskað eftir umsagnarfresti.

Stjórn SSA tók frumvarpið fyrir á fundi sínum á Vopnafirði 26. ágúst.sl. Samþykkt var að formaður SSA og framkvæmdastjóri veiti umsögn með vísan í umræður á stjórnarfundinum. Til hliðsjónar verði höfð m.a umsögn Sambands isl. sveitarfélaga.

#### **Umsögn stjórnar SSA :**

\*Tekið er undir það meginsjónarmið frumvarpsins að auka beri áhrif kjósenda á hvaða einstaklingar verði kjörnir til setu í sveitarstjórnnum .

\*Góðan tíma þarf til að undirbúa breytingar og efasemdir eru uppi um að rétt sé að “prufukeyra” svo viðamiklar breytingar í næstu sveitarstjórnar kosningum eftir 9. mánuði.

\*Rétt getur verið að kveða á um *heimild* til sveitarfélaga um að viðhafa persónukjör fremur en að skylda öll sveitarfélög til þess.

\*Svo virðist sem erfitt geti verði að fá einstaklinga til að bjóða sig fram til setu í sveitarstjórnnum t.d á landsbyggðinni á vori komandi , sérstaklega í lykilsæti. Nýtt kosninga-fyrirkomulag kann að auka á þá erfiðleika.

\*Svo er að sjá að með breytingunni fari prófkjör fram samhliða sveitarstjórnarkosningum.

\*Sú kosningaaðferð sem lögð er til í frumvarpinu mun torvela það að stjórnmalahreyfingar sameinist um framboð ,en slíkt hefur verið nokkuð algengt t.d á landsbyggðinni.

\*Með persónukjörinu felst ekki trygging milli kynja í efstu sætum lista.

\*Skýra þarf betur t.d. framkvæmd utankjörfundar atkvæðagreiðslu.

\*Talning atkvæða mun verða tímafrek.

\*Ef persónukjör nær fram að ganga við sveitarstjórnarkosningarnar í maí nk. tekur stjórn SSA undir með stjórn Sambands isl. sveitarfélaga að eðlilegt sé að gera þá kröfu að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum þann viðbótarkostnað sem af frumvarpinu leiðir.

\*Almenn umræða og kynning hefur engin verið Stefnan er sett á að bæta úr því t.d með kynningum fyrir sveitarstjórnarmenn á aðalfundum landshlutasamtakanna nú í haust.

f.h. stjórnar SSA

Sign: Bj. Hafþór Guðmundsson form. stjórnar SSA.

Sign : Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri SSA





Alþingi  
Erindi nr. **P** / 137 / 789  
komudagur 18.9.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvammstanga 17. september 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna**

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem haldinn var í Varmahlíð í Skagafirði þriðjudaginn 15. september 2009 var m.a tekið til umsagnar frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórnar 149. mál, persónukjör. Eftirfarandi var fært til bókar:

*„Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör. Lögð fram umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Stjórn SSNV tekur undir umsögn Sambandsins en bendir jafnframt á að nokkur kostnaðarauki fellur á sveitarfélögin vegna þessa“.*

Ofangreint tilkynnist hér með

Virðingarfyllt

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri



Samtök sveitarfélaga  
á Norðurlandi vestra  
Kt. 541292-2419  
Höfðabraut 6 · 530 Hvammstanga



SELTJARNARNESBÆR

Alþingi  
Erindi nr. P 137/765  
komudagur 11.9.2009

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Seltjarnarnes, 08. september 2009  
Tilvísun 2009080009/000.2

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál,  
persónukjör.**

Með bréfi dagsettu 4. ágúst sl. sendi allsherjarnefnd Alþingis ofangreint frumvarp Seltjarnarnesbæ til umsagnar. Seltjarnarneskaupstaður gerir að svo stöddu ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt

Ásgerður Halldórsdóttir  
-bæjarstjóri-



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt.: 560269-4559 • Sími: 470 2300 • Fax: 472 1588  
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður  
Netfang: sfk@sfk.is • Vefang: www.seydisfjordur.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/742*  
*komudagur 26.8.2009*

### Útskrift úr fundargerðarbók bæjarstjórnar Seyðisfjarðar

**Varðar: Umsögn frá bæjarstjórn Seyðisfjarðar um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.**

Seyðisfirði, 19. ágúst 2009.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar fagnar þeirri breytingu í lýðræðisátt, sem fram kemur í frumvarpinu, en bendir á eftirfarandi atriði:

- reiknireglur frumvarpsins eru settar fram á flókinn og torskilinn hátt þannig að líklegt má telja að kjósendur fælist frá því að raða á lista.
- hætt er við að erfitt reynist að stilla upp í minni sveitarfélögum og telur bæjarstjórn því óráðlegt að festa þann fjölda, sem velja má til röðunar. Sums staðar gæti hentað að sá fjöldi væri minni en tala aðalmanna, en annars staðar meiri.
- Þar sem málið er stórt og viðamikið þá leggur bæjarstjórn til að málið verði tekið til frekari umræðu og skoðunar og ekki flanað að neinu.

Rétta útskrift staðfestir

*Guðrún Ágústsdóttir*

Guðrún Ágústsdóttir





Sveitarfélagið  
ÁRBORG

Alþingi  
Erindi nr. P 137/750  
komudagur 1.9.2009

Bæjarstjóri

Selfossi, 27. ágúst 2009  
0908005

Alþingi - Allsherjarnefnd  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir

150 REYKJAVÍK

*Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr.5/1998, með síðari breytingum.*

Á fundi bæjarráðs Árborgar hinn 20. ágúst s.l. var tekið fyrir erindi allsherjarnefndar Alþingis um ofangreint mál og samþykkt að fela bæjarstjóra að senda umsögn bæjarráðs um frumvarpið.

### Umsögn bæjarráðs Árborgar


Bæjarráð Árborgar telur mikilvægt að efla lýðræðið í landinu og telur að persónukjör geti verið vel til þess fallið þar sem það heimilar kjósendum að raða frambjóðendum í forystusætin á þeim lista sem viðkomandi kys.

Bæjarráð leggur áherslu á að gæta þurfi að hugsanlegum áhrifum persónukjörs á kynjahlutföll kjörinna fulltrúa, breytingar sem hafa þann tilgang að auka lýðræði mega ekki verð til þess að auka ójafnræði milli kynja í sveitarstjórnnum og á Alþingi. Því væri eðlilegt að löggjafinn hvetti a.m.k. til þess að kjósendur og stjórn málaflókkar leggi áherslu á jafnt kynjahlutfall á listum, sérstaklega í efstu sætum.

Einnig telur bæjarráð að gera þurfi ráð fyrir því að fleiri en einn stjórn málaflókkur geti boðið fram sameiginlegan lista og þá er mikilvægt að unnt sé að gæta jafnræðis milli flokkanna þegar raðað er á listann.

Bæjarráð bendir á að líklegt sé að persónukjör skapi þær aðstæður að barátta sem nú fylgir prófkjörum standi yfir fram á kjördag og hafa sumir bent á að þannig flytjist prófkjörin yfir í kjörklefann.

Bæjarráð Árborgar telur mikilvægt að við frekari vinnslu frumvarpsins verði skoðaðir möguleikar þess að auðkenna nöfn þeirra frambjóðenda sem eru tilbúnir til þess að vera í forystu viðkomandi framboðslista því ekki er sjálfgefið að allir þeir frambjóðendur sem skipa efri hluta viðkomandi lista, séu reiðubúnir til að gegna hlutverki oddvita þó þeir vilji skipa sér í forystusveitina.

Virðingarfyllst,  
  
Ragnheiður Hergeirsdóttir  
bæjarstjóri.

ÁRBORG





Alþingi  
Erindi nr. P 137/729  
komudagur 20. 8. 2009  
Garður, 25. ágúst 2009  
0908003 ÁF

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kosningar.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Garðs tók fyrir erindi Allsherjarnefndar Alþingis frá 4. ágúst sl. er varðar umsögn um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál persónukjör.


5. Bréf frá Alsherjarnefnd Alþingis dags 4. ágúst. Efni: Óskað er eftir umsögn um hjálagn frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör.

Bréfið lagt fram og bæjarstjóra falið að svara bréfitara.

Frumvarpið var yfirfarið og við lestur þess kom ekkert það fram sem sveitarfélagið gerir athugasemdir við.

Þetta tilkynnist hér með.

Viðingarfyllst.

  
Ásmundur Friðriksson  
bæjarstjóri



þar sem  
ferskir  
vindar  
blása



SVEITARFÉLAGIÐ  
**ÖLFUS**

Alþingi  
Erindi nr. P 137/813  
komudagur 7.10.2009

RÁÐHUSI ÖLFUSS • HAFNARBERGI 1 • 815 ÞORLÁKSHOFN • SIMI 480 3800 • FAX 480 3801

Alþingi  
b.t. allsherjarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um framvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar, mál nr. 149.


Bæjarstjórn Ölfuss hefur farið yfir frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar sem allsherjarnefnd vísaði til bæjarstjórnar til umsagnar.

Bæjarstjórn hefur kynnt sér umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsetta 14. september 2009 og tekur undir umsögn sambandsins varðandi málið.

Þorlákshöfn 5. október 2009,

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Áki Ragnarsson  
Bæjarstjóri





Alþingi  
Erindi nr. P 137/794  
komudagur 21.9.2009

Nefndasvið Alþingi,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2009

Umsögn um 149. mál, Frumvarp til laga um kosningar til sveitastjórna (persónukjör).

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er ljúft og skylt að veita umsögn um ofangreint frumvarp og leggur hún til að því verði vísað inn í umræðu um Stjórnlagabing. Í frumvarpi um stjórnlagabing sem lá fyrir 137. löggjafarþingi segir í 3. grein: „Stjórnlagabing skal sérstaklega taka til umfjöllunar eftirfarandi þætti: [...] Ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan.“ Frumvarpið um persónukjör er ófullkomið og þarf mun betri umfjöllun áður en það er tilbúið til afgreiðslu.

Við lýsum okkur reiðubúin til að skoða ýmsa möguleika á því að kjósendur hafi meiri áhrif á röðun lista í kjörklefa og nefnum í því sambandi rýmri heimildir til útstrikunar og endurröðunar. Að sama skapi myndum við vilja skoða í því samhengi lagasetningu um fléttulista eða paralista til að jöfn kynjahlutföll séu tryggð. Sömuleiðis að tryggt sé að fólk geti ekki náð forskoti í krafti fjármagns.

Að þessu sögðu ber að skýra nokkur atriði sem að okkar mati er nauðsynlegt að hafa í huga við endurskoðun kosningalaga og í umræðu um persónukjör.

### **Jafnrétti milli kynja**

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur lagt áherslu á jafnt kynjahlutfall meðal frambjóðenda og notað til þess kynjakvóta í forvölum. Í frumvarpinu er möguleiki á kynjakvótum útilokaður og þar með áhrifaríkasta tækið til að jafna hlut karla og kvenna í stjórnámálum. Það vekur furðu hversu lítill gaumur er gefinn að þessu í frumvarpinu og því raunar aðeins haldið fram að umdeilt sé hvaða áhrif persónukjör hefur á kynjahlutföll í stjórnámálum. Þá vekur athygli að aðeins er fjallað um kosningar til þjóðþinga í greinargerðinni, ekki til sveitarstjórna. Til dæmis segir: „Þrátt fyrir að persónukjör sé viðhaft í nokkrum mæli í þingkosningum í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð eru þessi ríki meðal þeirra sem hafa hvað hæst hlutfall kvenna á þingi.“ Trúlega er hvergi meira flokksræði en á Norðurlöndum við val á lista, sem skilar sér í jafnari kynjahlutföllum því flokkarnir setja sjálfum sér reglur og hafa flest allir sett í lög sín ákvæði um annað hvort kynjakvóta á framboðslistum eða svo kallaða fléttulista. Persónukjórið í almennum kosningum vegur þar á móti flokksræðinu og því má segja að fylgt sé blandaðri leið sem beri þennan árangur. Í frumvarpinu sem er hér til umfjöllunar er það hins vegar yfirlýst markmið að draga úr áhrifum flokkanna, en það er engu að síður flokksræðið sem hefur skilað jafnari kynjahlutföllum inn á þingi. Þannig hafa tveir stjórnámálaflokkar sem sitja nú á Alþingi tekið sér vald til að breyta niðurstöðum persónukjörs með tilliti til kynjasjónarmiða og eru það Vinstrihreyfingin – grænt framboð og Samfylkingin. Það er því augljóst að þessir flokkar, sem sitja í þeirri ríkisstjórn sem leggur þetta frumvarp fram, verða að kanna til hlítar áhrif þess á jafnrétti kynjanna áður en lengra er haldið. Þetta frumvarp felur í sér afnám kynjakvóta sem er eina aðferðin sem hefur reynst skila raunverulegum árangri við að jafna hlut kynjanna við löggjafarsamkunduna.

## **Jafnræði milli sveitarfélaga**

Í umræðunni um persónukjör verður að taka tillit til hvaða áhrif það muni hafa innan mis fjölmennra sveitarfélaga. Í frumvarpinu er hlutbundin kosning notuð sem rök fyrir að persónukjör sé æskilegt en þegar betur er að gáð er hvað minnst endurnýjun í sveitarstjórnnum þar sem kosið er hlutbundinni kosningu og hallar mjög á konur þar.

Varðandi áhrif frumvarpsins í einstökum sveitarfélögum er vert að hafa í huga að mörg sveitarfélög eru til orðin vegna sameininga á liðnum árum og oftar en ekki samansett úr fleiri en einum byggðakjarna, sem hafa hver um sig eigin sögu og samsömun íbúanna. Æskilegt hefur þótt að tryggja að fulltrúar ólíkra hluta slíkra sveitarfélaga komi að sveitarstjórn og reyna stjórn mála flokkarnir að taka tillit til þess við uppstillingu framboðslista. Með frumvarpinu eykst hættan á að einn hluti sveitarfélagsins, t.d. fjölmennasti byggðakjarninn, eignist flesta eða alla sveitastjórnarmenn. Slíkt getur valdið margháttuðum vandkvæðum og grefur undan stefnu stjórnvalda um fækkun og sameiningu sveitarfélaga.

## **Lýðræði**

Ef persónukjör fer fram í tengslum við kosningar er hætt við því að kastljósið beinist frekar að persónum en hugmyndum eða hugsjónum. Frambjóðendur berjast þá sín á milli í stað þess að einbeita sér að því að kynna stefnu framboðs síns og því getur upplýsingagjöf til kjósenda orðið minni og möguleikar flokkanna til að reka upplýsandi og málefnalega kosningabaráttu skertir. Áður en lengra er haldið er því rétt að leggja mat á hvers konar kosningar eða kosningabaráttu megi vænta af svona kerfi. Þá er vandséð hvernig eigi að draga úr flokksræði með því að færa persónukjör inn í kjörklefann þar sem fólk getur valið úr takmörkuðum fjölda frambjóðenda í stað þess að halda persónukjör fyrirfram þar sem fleiri fá tækifæri til að kynna sig án þess að varpa skugga á kosningabaráttuna sjálfa.

## **Blönduð framboð**

Erfitt er að sjá hvernig staðið skuli að blönduðum framboðum ef frumvarpið verður að lögum. Síðustu ár hafa blönduð framboð verið mörg og yfirleitt byggð á jafnræðisreglunni, þ.e. að hver flokkur eða hópur hafi sama sætafjölda. Breytingar á kosningalögum mega ekki verða til þess að þrengja að framboðum og jafnvel að útiloka blönduð framboð.

## **Peningar og vald fjölmiðla**

Frumvarpið gerir í raun ráð fyrir því að öllum flokkum verði gert að taka upp þá tegund prófkjara sem tíðkast hefur innan sumra stjórn mála flokkanna og að þau flytjist inn í kjörklefann á kjördag. Því er mikilvægt að horfa til þess hvernig framkvæmd slíkra prófkjara hefur verið á liðnum árum. Þar hefur þróunin verið sú að einstakir frambjóðendur, t.d. í kjöri til borgarstjórnar Reykjavíkur og Alþingis, hafa eytt háum fjárhæðum í prófkjörbaráttu. Erfitt er að sjá annað en að með samþykkt frumvarpsins myndi sú baráttu flytjast inn í sjálfa kosningabaráttuna og leiða til verulegs aðstöðumunar milli félítilla framboða annars vegar og flokka sem hafa á að skipa efnameiri frambjóðendum hins vegar.

Verði á hinn bóginn farin sú leið að setja miklar eða algjörar hömlur við því að einstakir frambjóðendur kynni sig með persónulegri kosningabaráttu og auglýsingum, er ljóst að hið raunverulega vald myndi færast til kosningastjóra flokkanna og fjölmiðlanna. Það yrði þá þeirra að taka ákvörðun um hvaða frambjóðendum yrði teft fram í kosningabaráttunni á kostnað meðframbjóðenda þeirra.

Virðingarfyllst,

f.h. Stjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Drífa Snædal,

framkvæmdastýra Vinstri grænna

## Umsögn yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis við breytingarfrumvörpum á kosningalögum

Yfirkjörstjórn tekur ekki efnislega afstöðu til persónukjörs en leyfir sér að benda á nokkur atriði sem varða framkvæmd kosninga og talningu, sem ekki er tekið á í frumvarpinu.

### 1. *Utankjörfundaratkvæðagreiðsla*

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á VIII. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna, en skv. 43. gr. er kjósanda heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar frá þeim degi er átta vikur eru til kjördags. Fulltrúar ÖSE sem voru viðstaddir síðustu alþingiskosningar töldu utankjörfundaratkvæðagreiðsluna bæði flókna og of viðamikla.

Þar sem atkvæðagreiðsla utankjörfundar hefst svo löngu fyrir kjördag er hætt á að framboðslistar séu ekki komnir fram, þ.m.t. persónukjörshluti listanna. Hingað til hafa þeir sem kjósa ekki á kjördag getað nýtt sér útstrikanir og breytingar, en þau úrræði eru felld niður í frumvarpinu. Forgangsröðun á lista verður að teljast mun flóknari framkvæmd við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, enda liggur ekki fyrir við upphaf atkvæðagreiðslunnar hverjir verða á hinum raðaða hluta framboðslistans. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á atkvæðagreiðslu utan kjörfunda í frumvarpinu, en ljóst er að fyrirkomulagið er dragbítur á kosningaframkvæmd og talningu.

Hugsanlega má fækka atkvæðum sem greidd eru utan kjörfundar með því að stytta þann tíma sem hægt er að kjósa utan hins almenna kjördags eða hafa utankjörfundaratkvæðagreiðslu rafræna.

### 2. *Skipulagning á kjörstöðum og í kjörfundarstofum*

Forgangsröðun á lista getur tekið langan tíma fyrir kjósanda í kjörklefa og því er hætt við að raðir myndist við kjördeildir (kjörfundarstofur) og öngþveiti verði á kjörstað. Hugsanlega þarf að bregðast við því með að gera breytingar á IX. gr. kosningalaganna. Á Akureyri þyrfti t.a.m. að fjölga í undirkjörstjórnnum úr þremur í fjórar og fjölga að sama skapi kjörklefum í hverri kjördeild um einn, þ.e. úr tveimur í þrjá, eða gera jafnvel enn stórtækari breytingar. Þær breytingar rúmast reyndar innan kafla laganna, en ábendingu er komið á framfæri að huga þarf að framkvæmd kosninga jafnt sem þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

### 3. *Uppgjörstalningarforrit fyrir kjörstjórnir*

Ljóst er að uppgjörsaðferð vegna persónukjörs verður mjög flókin fyrir kjörstjórnir sem getur orðið til þess að talning dragist úr hófi. Yfirkjörstjórn bendir á að því sé nauðsynlegt að dómsmálaráðuneytið hlutist til um það með góðum fyrirvara að útbúa öflugt talningarforrit fyrir kjörstjórnir.

### 4. *Rafrænar kosingar*

Yfirkjörstjórn bendir á að rafrænar kosningar sé möguleiki sem kanna ætti til þrautar. Tölvuvæðing er almenn í landinu og landið fámennnt, miðað við vestræn lýðræðisríki.

Akureyri, 24. ágúst 2009

f.h. yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis  
Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/743*  
*komudagur 26.8.2009*



## Þingeyjarsveit

590602-2640  
Kjarna - 650 Laugar  
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422  
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is  
www.thingeyjarsveit.is

Laugum 25. ágúst 2009

*Nefndasvið Alþingis*  
*Austurstræti 8-10*  
*150 Reykjavík*

### **Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga**

Svohljóðandi samþykkt var gerð á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 13. ágúst sl.

„Lögð fram ósk allsherjarnefndar Alþingis um umsögn Þingeyjarsveitar um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórnar, persónukjör. Sveitarstjórn leggst gegn því að frumvarpið verði að lögum enda verður ekki séð að það leiði til aukins lýðræðis né sé til hagsbóta fyrir íbúa sveitarfélagsins á nokkurn hátt. Sveitarstjóra falið semja greinargerð um málið sem verði sent Alþingi.“

Greinargerð:

Eins og fram kemur í samþykkt sveitarstjórnar leggst hún gegn því að umrætt frumvarp verði samþykkt. Rétt er að benda á nokkur atriði.

Persónukjör tíðkuðust allnokkuð í hinum fámennari sveitarfélögum fram á síðustu ár. Í ljósi þeirrar reynslu virðist ekki vera áhugi hjá sveitarstjórnarmönnum í Þingeyjarsveit að snúa aftur til þess tíma.


Erfitt getur reynst að tryggja jafnrétti kynja og jafnvægi milli einstaka hluta dreifðra sveitarfélaga. Það á sérstaklega við sveitarfélag eins og Þingeyjarsveit sem hefur orðið til við sameiningu margra hreppa á umliðnum árum. Reynt hefur verið að tryggja að fulltrúar sveitarstjórnar komi vítt og breitt að úr sveitarfélaginu en með persónukjöri getur reynst erfitt að tryggja slík sjónarmið. Þetta á enn frekar við sveitarfélög með stórum kjarna og dreifðum byggðum. Hætt er við að dreifbýli gæti orðið útundan samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi þó að vilji þeirra sem standa að framboðum standi til annars.

Þá getur persónukjör snúist upp í andhverfu sína eins og frumvarpið liggur fyrir. Segjum svo að velja eigi 9 aðalmenn í sveitarstjórn af ákveðnum lista. Kjósandi gengur í góðri trú til kosninga og raðar þeim í sæti sem honum hugnast. Honum líst mjög vel á 2-3 frambjóðendur sem hann vill styðja. Nú vill svo illa til að þeir ná ekki kjöri en þess í stað fara inn þeir tveir menn af listanum sem við komandi myndi aldrei geta hugsað sér að

styðja. Atkvæði hans verður engu að síður til þess að þeir komist í sveitarstjórn þrátt fyrir að hann hefði örugglega ekki kosið listann með umrædda tvo í efstu sætum. Vankvæðið er því það að þú veist ekki hvaða einstaklinga þú er að styðja þegar upp er staðið þegar þú gengur að kjörboðinu. Maður er að kjósa köttinn í sekknum.

Margir hafa áhyggjur af því að með því að færa persónukjör inn í sjálfa kosninguna er verið að færa prófkjorsbaráttu fram á kjördag. Efasemdir eru um að það sé til góðs fyrir samfélagið. Það kemur til með að kalla á alls konar auglýsingarmennsku fram á kjördag og kostnað því fylgjandi. Þannig verður ekki komið í veg fyrir það sem margir hafa séð sem helsta agnúa á prófkjörum, það er sá fjáraustur sem slíku fylgir í vissum tilfellum.

Virðingarfyllt;

  
Tryggvi Harðarson  
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar